FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

123. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 26. MAÍ 2017

Kallað á vorið Kórarnir í Hamrahlíð, það er Hamrahlíðarkórinn og kór Menntaskólans við Hamrahlíð, kölluðu í gær á vorið með tvennum tónleikum í hátíðarsal skólans. Sést hér Þorgerður Ingólfsdóttir stýra kórunum, en hún stofnaði skólakórinn árið 1967 og hefur stýrt honum allar götur síðan. Þá stofnaði hún einnig Hamrahlíðarkórinn árið 1981 en hann er skipaður brautskráðum nemendum skólans og hefur hún einnig stýrt þeim kór alla tíð. Eins og sést á myndinni lék Þorgerður á als oddi á tónleikunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stuðningur við tillögu um spítalastjórn

Bæði fjármálaráðherra og formaður fjárlaganefndar telja æskilegt að skipa stjórn yfir Landspítalann. Formaður velferðarnefndar segir hugmyndina á frumstigi en að unnið sé að þingsályktunartillögu. Forstjóri LSH segir stjórnendur hæfa til að reka spítalann.

HEILBRIGÐISMÁL Benedikt Jóhannessyni fjármálaráðherra líst vel á að skipa stjórn yfir Landspítalann og segir öll stærri fyrirtæki búa við það fyrirkomulag. Nichole Leigh Mosty, formaður velferðarnefndar, segir þingsályktunartillögu í bígerð sem feli heilbrigðisráðherra að kanna kosti þess.

„Mér líst vel á þessa tillögu og ég tel hana til bóta fyrir rekstur spítalans. Öll alvöru fyrirtæki eru með stjórn og ég teldi það æskilegt að svo stórt fyrirtæki eins og Landspítalinn er væri líka með stjórn," segir Benedikt.

Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar, er einnig þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að setja stjórn yfir LSH. „Ég tel þetta ósköp rökrétt framhald. Þarna fara rúmlega fimmtíu milljarðar á hverju ári. Það skiptir máli að fjármunum sem þessum sé vel varið og það er eilífðarverkefni stjórnvalda. Einnig tel ég stjórn góðan kost til að efla faglegan styrk sjúkrahússins."

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir forstjóra og stjórnendur hæfa til þess að stýra spítalanum enda ráðnir á grundvelli þekkingar og menntunar á faglegum og rekstrarlegum forsendum. Hann segir það geta verið til hagsbóta að setja stjórn yfir spítalann. „Það gæti verið það, væri slík stjórn fagleg og hefði yfirgripsmikla þekkingu á stefnumótun og rekstri spítala. Hins vegar hefur tillaga fjárlaganefndar ekki verið útfærð. Venjulega er hlutverk stjórna að koma að stefnumótun og hafa eftirlit með rekstri og faglegum þáttum starfsemi, en ekki að stýra rekstri," segir Páll.

sveinn@frettabladid.is

Ofurkonan Vilborg fékk sér lambasteik og béarnaise

AFREK „Ég var að koma úr kvöldmat þar sem ég var að kveðja hópinn sem var með mér á fjallinu. Fékk mér þar lambasteik með béarnaise," segir Vilborg Arna Gissurardóttir, sem stóð á toppi Everest á dögunum, fyrst íslenskra kvenna.

Vilborg er stödd í Katmandú og leggur af stað áleiðis til Íslands í dag. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún á hótelinu og naut lífsins.

Hún hefur nýtt tímann til að lesa öll þau ógrynni af skilaboðum sem henni hafa borist. „Þetta er ótrúlegt magn og maður verður snortinn að sjá og lesa þetta allt saman."

Aðspurð hver séu næstu skref segist Vilborg ekki vera búin að ákveða það. Nú njóti hún lífsins og hlakki til að komast til Íslands. – bb

Fréttablaðið í dag

MENNING Sérstætt landslag Sigurgeirs Sigurjónssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. 21

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FERÐIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Austan 3-8 m/s skýjað og milt veður. Víða rigning síðdegis og hvessir heldur norðvestan til á landinu. SJÁ SÍÐU 20

Enn dregið úr olíuframleiðslu

VIÐSKIPTI OPEC, samtök olíuframleiðsluríkja, ákváðu í gær að framlengja samdrátt í olíuframleiðslu um níu mánuði, eða þangað til í mars á næsta ári.

Upphaflega var ákveðið að draga úr framleiðslu í desember. Var það í fyrsta skipti í áratug sem slík ákvörðun var tekin.

Samkvæmt Reuters er búist við því að olíuframleiðsluríki utan OPEC, einkum Rússland, muni standa með OPEC í von um að hækka olíuverð á ný.

Alls er dregið úr framleiðslu um sem nemur tveimur prósentum af heimsframleiðslu.

Verð á hráolíu lækkaði hins vegar við tíðindin í gær um rúmt prósent. Í frétt Reuters er sú skýring gefin á að markaðurinn hafi frekar viljað að aðgerðir OPEC yrðu hertar og framlengdar um allt að heilt ár. **– þea**

Drottningarviðtal

Á meðan lögreglan hefur handtekið fjölda manna sem taldir eru tengjast hryðjuverkaárás mánudagsins í Manchester hafa fórnarlömb legið á spítala og reynt að ná fullum bata. Eflaust hefur það hjálpað hinni fimmtán ára gömlu Millie Robson að fá heimsókn frá sjálfri Elísabetu drottningu í gær. Hún mætti á barnaspítala í Manchester til að ræða við fórnarlömb og þakka heilbrigðisstarfsfólki fyrir óeigingjarnt og vel unnið starf. NORDICPHOTOS/AFP

Bónus fylgist grannt með Costco

NEYTENDUR „Við erum stolt af því að verðin hjá okkur eru í mörgum tilfellum sambærileg og hjá næststærsta smásala heims," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, um hvort opnun Costco hafi haft einhver áhrif á Bónus það sem af er vikunni. Hann segir að Bónus sé meira að segja ódýrari en Costco í allnokkrum vöruflokkum, til dæmis í bleyjum, dömubindum, batteríum, kjúklingi og nautakjöti, svo nokkur dæmi séu tekin. Verslunin geti þó ekki keppt í verði á vörum sem Costco selji undir innkaupsverði Bónuss.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss

„Bónus er skilgreint sem markaðsráðandi aðili á íslenska markaðnum af Samkeppniseftirlitinu en í því felst að Bónus er óheimilt að selja vörur undir kostnaðarverði en slík skilgreining á ekki við um Costco sem þó er næststærsti smásali heims. Innflutt gos og vatn sem kostar frá 11 til 55 króna í Costco með flutningi, 16 króna skilagjaldi og 11 prósent virðisauka er klárlega langt undir þeim verðum sem Bónus getur boðið. En fyrir utan þetta erum við stolt af þeim verðum sem við erum að bjóða alla daga í okkar verslunum um land allt."

Um 65-70 prósent af öllum vörum sem Bónus selur eru keypt af innlendum heildsölum og framleiðendum sem greiði hér skatta og skyldur.

Sjálfur hefur Guðmundur ekki farið í Costco í Garðabænum en fylgist þó vel með úr fjarska. „Costco-áhrifin eru úti um allt og innkoma þeirra hefur hrist hressilega upp í markaðnum og er góð fyrir neytendur." **– bb**

Sjóðheitur á ísköldum toppi vinsældalista

Lagið Way down we go með Kaleo var kynnt sem topplag spænska vinsældalistans í vikunni. Lagið hafði áður setið í efsta sæti víða um Evrópu. Jökull Júlíusson söngvari segir að hljómsveitin hlakki til að hefja tónleikaferð um álfuna.

TÓNLIST „Þetta eru auðvitað frábærar fréttir og skemmtilegt þar sem ég samdi lagið einmitt á Spáni fyrir nokkrum árum," segir Jökull Júlíusson, söngvari Kaleo, en lagið Way down we go trónir núna í efsta sæti vinsældalistans á Spáni.

Lagið hefur verið vinsælt víða um Evrópu en auk Spánar fór lagið í fyrsta sæti í Austurríki, Sviss og Grikklandi. Lagið hefur einnig verið í toppsætunum í Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Ástralíu.

Á síðasta ári fór lagið í fyrsta sæti Billboard-listans í Bandaríkjunum í flokki „alternative" tónlistar. Lagið náði gullsölu þar í landi eða yfir 500 þúsund seldum eintökum en það kom út í október í fyrra.

Þá er lagið gríðarlega vinsælt í Úkraínu og hljómaði ótt og títt þegar Eurovisionkeppnin stóð þar yfir.

Kaleo spilar á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í Evrópu, Ameríku og Asíu þangað til Kaleo Express túrinn hefst seinna í haust. Dagskráin hjá bandinu er þétt skipuð og lítill tími til að gera annað en spila tónlist. Þó brá Jökull sér á Rammstein-tónleikana í Kórnum og skemmti sér vel.

Hljómsveitin spilar í Bandaríkjunum á sex tónleikum áður en hún heilsar Evrópu þann 18. júní þegar Keleo spilar á Best kept secret hátíðinni í Hollandi.

„Við verðum mikið að spila í Evrópu bæði í sumar og haust og mikil tilhlökkun í mönnum," segir Jökull. **– bb**

Lagið Way down we go hefur selst í meira en 500 þúsund eintökum.

Jökull í Kaleo segist sáttur við að vera kominn á toppinn á Spáni. MYND/AÐSEND

Kaleo

- Stofnuð í Mosfellsbæ árið 2012.
- Sló í gegn með útgáfu sinni af Vori í Vaglaskóg.
- Tók þátt í Músíktilraunum 2013 en tapaði fyrir Vök.
- 180 þúsund manns hafa lækað við Facebook-síðu Kaleo.
- 34 þúsund manns fylgja sveitinni á Twitter.
- Jenny Dayco gerir skartgripina sem Jökull ber. Hún hefur áður gert gripi fyrir Matt Bellamy, söngvara Muse.

Way down we go

- Náði toppnum í Grikklandi, Bandaríkjunum, Austurríki, Sviss og Spáni.
- Hljómar í myndinni Collateral Beauty með Will Smith, Edward Norton, Keira Knightley, Kate Winslet, og Helen Mirren.
- Heyrist í þáttunum Orange Is the New Black, Suits, Supergirl, Lucifer, Grey's Anatomy og The Vampire Diaries.
- Er notað í stiklu við myndina Logan, sem skartar Hugh Jackman í aðalhlutverki sem karakterinn Wolverine.

RANGE ROVER EVOQUE

HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

ABOVE & BEYOND

Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni CO_2 útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

Range Rover Evoque SE
dísil, sjálfskiptur. Verð 6.690.000 kr.

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Rúmlega hundrað almennir borgarar féllu í loftárás á Mósúl

ÍRAK Rúmlega hundrað almennir borgarar féllu þegar bandarískir herinn gerði loftárás á írösku borgina Mósúl í mars síðastliðnum. Skotmark árásarinnar voru tvær leyniskyttur Íslamska ríkisins og var nákvæmnissprengjum skotið að þeim. Hins vegar varð höggið frá þeim tiltölulega litlu sprengjum til þess að sprengjur sem liðsmenn Íslamska ríkisins höfðu komið fyrir í byggingunni sprungu einnig.

Við sprenginguna hrundi byggingin og fórust almennir borgarar á neðri hæðum hennar. Þá fórust einnig fjórir til viðbótar í nærliggjandi byggingu.

Í skýrslu bandarískra hersins segir að ekki hafi verið hægt að spá fyrir um staðsetningu almennra borgara í byggingunni áður en árásin var gerð. Þá kemur fram að sprengjur Íslamska ríkisins hafi verið fjórum sinnum aflmeiri en sprengjurnar sem herinn notaði, hið minnsta.

„Hugur okkar er hjá hinum látnu, særðu og aðstandendum," segir í yfirlýsingu frá Bandaríkjaher.

Írakski herinn hefur leitt baráttuna gegn Íslamska ríkinu í Mósúl undanfarið. Náði hann austurhluta borgarinnar á sitt vald í janúar en erfiðlega hefur gengið í vesturhlutanum. Þar skýla vígamenn ISIS sér á bakvið almenna borgara og þurfa Írakar að sækja án skriðdreka og bíla vegna þess hve götur eru þröngar. **– þea**

Hart hefur verið barist í Mósúl. NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla á vettvangi í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/AFP

Innflytjendur á bak við flestar skotárásirnar

SVÍÞJÓÐ Einstaklingar af erlendum uppruna standa á bak við 90 af síðustu 100 skotárásunum í Svíþjóð. Þetta kom fram í umfjöllun Dagens Nyheter sem vakið hefur mikla athygli. Stefnan í Svíþjóð hefur verið að greina ekki frá uppruna afbrotamanna af ótta við að kynda undir andúð á innflytjendum.

Af 53 dæmdum einstaklingum og 47 grunuðum eiga 90 foreldri sem fæðst hefur erlendis. Af þessum sömu 90 eru 45 sjálfir innflytjendur. Áttatíu prósent þessara 90 af erlendum uppruna koma frá Norður-Afríku og Miðausturlöndum. **– ibs**

Bætur til Rómafólks

SVÍÞJÓÐ Sænsk lögregluyfirvöld verða að greiða Rómafólki yfir 100 milljónir sænskra króna í bætur fyrir að hafa haldið skrá yfir það. Alls voru um 4.700 einstaklingar í skránni, þar á meðal börn sem voru þriggja ára. Hver einstaklingur fær 35 þúsund sænskar krónur í bætur eða um 406 þúsund íslenskra króna.

Á vef sænska ríkisútvarpsins er haft eftir fulltrúa Civil Right Defenders að sænska ríkið hafi nú viðurkennt að Rómafólkið hafi verið skráð eingöngu vegna uppruna síns. Það hafi nú fengið uppreisn æru. **– ibs**

Fjöldi krana nær methæðum

Fjöldi byggingarkrana er farinn að nálgast það sem hann var í aðdraganda hrunsins 2008. Fjöldinn þykir góður mælikvarði á þenslu í samfélaginu. Byggja þarf nærri tvöfalt fleiri íbúðir í ár en gert var í fyrra.

EFNAHAGSMÁL Fjöldi byggingarkrana á landinu öllu er farinn að nálgast fjöldann árið 2007, sé horft til talna Vinnueftirlitsins. Árið 2007 fengu 364 kranar skoðun. Fjöldinn hríðféll síðan og fór niður í 113 árið 2010. Hann hefur vaxið jafnt og þétt og voru 277 kranar skoðaðir í fyrra. Þegar Fréttablaðið spurðist fyrir í vikunni fengust þær upplýsingar að 349 kranar væru skráðir í notkun.

Þegar litið er til spennu í efnahagslífinu hefur gjarnan verið horft til fjölda byggingarkrana í notkun. Þannig er oft vísað til Roberts Alibers, prófessors í alþjóðahagfræði við Háskólann í Chicago, sem kom hingað til lands í aðdraganda efnahagshrunsins í maí 2008. Hann taldi alla byggingakranana í umferð og var ómyrkur í máli um ástand efnahagslífsins.

En leiða má að því líkur að fjöldi krana geti orðið umtalsvert meiri í framtíðinni en hann var í aðdraganda hrunsins. Hagfræðingar eru sammála um að enn sé mikill skortur á íbúðum. Til dæmis telur Íbúðalánasjóður að byggja þurfi 9.000 íbúðir á næstu þremur árum, eða um 3.000 á ári að meðaltali. Á síðasta ári voru einungis byggðar um 1.600 íbúðir. Því er ljóst að byggingarmagn þarf um það bil að tvöfaldast til að anna eftirspurn.

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, segir að kranavísitalan sé ekki eins góður mælikvarði á ofhitnun í hagkerfinu og hún var á árunum fyrir hrun. „Árið 2007 var lánsfjárbóla og offramboð á íbúðarhúsnæði. Staðan er önnur í dag. Það er mikil eftirspurn vegna stórra árganga fyrstu kaupenda sem og vegna innflæðis af erlendum ríkisborgurum sem vinna til dæmis við ferðamannaiðnaðinn. Ferðamenn voru 485 þúsund árið 2007, samkvæmt tölum Ferðamálastofu en voru 1.792 þúsund árið 2016. Eftirspurn eftir krönum er því ekki einungis vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis heldur einnig vegna gistirýma og þess háttar," segir hann.

Magnús Árni vísar til skýrslu sem Reykjavík Economics vann og kynnt var á dögunum. Þar kemur fram að raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um fimmtung á tólf mánaða tímabili. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að það sem einkenni markaðinn í dag sé framboðstregða sem hafi kynt undi verðhækkunum.

jonhakon@frettabladid.is

Miklar framkvæmdir standa yfir í nýju hverfi í Urriðaholti og er fjöldi krana eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kranavísitalan sýnir ástand efnahagsmála



*Fjöldi krana með stöðuna skráðir í notkun hjá Vinnueftirlitinu

349

byggingarkranar eru nú skráðir í notkun á Íslandi.

Kraftmikill fjölskyldudagur

Laugardaginn 27. maí, kl. 12-15

Villi & Sveppi

mæta kl. 13

Það eru allir velkomnir á opinn fjölskyldudag á Jarðhitasýningu ON í Hellisheiðarvirkjun.

Áhugaverð sýning, Grillvagninn og fræðandi skemmtidagskrá í stærstu jarðvarmavirkjun heims!

Frábær fjölskyldudagskrá

Snarpir örfyrirlestrar
12.15 Hraðhleðsla fyrir rafbíla - Landið er að opnast
12.30 Hvað gerir súrmjólk fyrir mosann?
12.45 Hvernig framleiðum við rafmagn og heitt vatn á Hellisheiði?

13.00-13.30 **Villi vísindamaður og Sveppi**

Fróðleiksgetraun fyrir börnin - verðlaun í boði

Dagurinn er opinn frá 12-15.
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

JARÐHITA SÝNING

Skólabókasöfn hafa ekki notið átaks um eflingu læsis

SKÓLAMÁL Átak menntamálaráðherra til að auka læsi barna hefur ekki skilað sér þangað sem það ætti að gera, að mati formanns Félags fagfólks á skólabókasöfnum. Dósent við Háskólann á Akureyri segir mikilvægt að halda nýjum bókum að börnum til að efla læsi þeirra.

Brynhildur Þórarinsdóttir

Heiða Rúnarsdóttir, formaður Félags fagfólks á skólabókasöfnum, segir mörg skólabókasöfn svelta. Fjármagn sé af skornum skammti til bókakaupa sem er hornsteinn í því að fá börn til að lesa bækur.

„Það er ekkert lágmark á fjármagni sem veitt er til bókasafna skólanna heldur er þetta sett í hendur skólastjórnenda hvers skóla. Ef skólabókasöfn eru heppin fá þau fjármagn en til eru dæmi um að bókasöfn fái ekkert fjármagn til að kaupa nýjar bækur," segir Heiða.

Þannig verður það að ekki sitja nemendur allra skóla við sama borð. Einnig getur verið mikill munur á útgjöldum til bókakaupa innan sveitarfélaga og fer því eftir skólahverfum hvort bókasöfn eigi nýja titla fyrir börn eða ekki.

„Það eru nýjustu bækurnar sem börnin vilja lesa. Bækurnar sem verið er að tala um og gefa út, til að mynda í tengslum við kvikmyndir. Við byggjum ekkert á gömlum kosti," segir Heiða.

„Ef við viljum fá börn til að lesa meira þurfum við að gefa þeim betri aðgang að bókum. Það þarf að koma þeim á bragðið, veita þeim aðgang að heimi sem þau sogast inn í," segir Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. „Maður kemur þeim ekki á bragðið með hálftómum skólabókasöfnum. Við þurfum nýjar og spennandi barnabækur innan seilingar. Það er margsannað að uppeldi innan um bækur, að sjá fullorðna, jafnaldra eða eldri börn lesa, það eykur áhuga á lestri og eykur lestur barna."

Á síðasta kjörtímabili hóf Illugi Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, herferð til að efla læsi í skólum. Settir voru milljónatugir í verkefnið. Heiða segir skólasöfnin hafa algjörlega verið skilin út undan í þeirri herferð.

„Nei, það átak hefur ekkert auðveldað okkur að kaupa bækur. Við finnum ekki fyrir stuðningi til að efla læsi. Einnig má velta fyrir sér að Reykjavíkurborg er bókmenntaborg UNESCO en á sama tíma hefur ekkert gerst með að auðvelda aðgengi okkar að nýjum bókum."

Frá 1. janúar 2014 til loka árs 2015 hafði ráðuneyti menntamála samtals greitt um 25 milljónir króna vegna verkefnis um læsi. Meirihluti þess fjár fór til ráðgjafarfyrirtækja og umboðsskrifstofunnar Promo vegna lags sem Ingólfur Þórarinsson söng á hringferð um landið. **sveinn@frettabladid.is**

Börnum er mismunað eftir búsetu að mati formanns Félags fagfólks á skólabókasöfnum. Aðgengi að nýjum bókum eykur lestur. NORDICPHOTOS/GETTY

Kjördæmapólitík ræður vegabótum

Fjárveitingar til vegabóta eru í engu samræmi við slysatölfræði. Hægt væri að fækka alvarlegum umferðarslysum stórkostlega á stuttum tíma, væri það gert. Á samgönguáætlun eru vegabætur á tveimur af 20 hættulegustu vegköflunum. Byggðapólitík ræður of miklu.

SAMGÖNGUR Þrátt fyrir nákvæmar upplýsingar um hvar alvarleg umferðarslys verða helst í íslensku vegakerfi eru þær aðeins nýttar í undantekningartilfellum við ákvarðanatöku um vegabætur. Nýsamþykkt samgönguáætlun gerir aðeins ráð fyrir umbótum á tveimur af tuttugu slysamestu vegum landsins. Lyktar af úreltri byggðapólitík, segir sérfræðingur.

„Ég vil halda því fram að við eigum að líta til slysanna miklu meira en við höfum gert. Stjórnmálamenn slá um sig og segja að vegabætur snúist um umferðaröryggi, en byggja ekki á neinu því til staðfestingar. Við gætum, byggt á þeim upplýsingum sem við höfum, fækkað alvarlegum umferðarslysum um helming á aðeins fjórum árum með því að beina fjármagni þangað sem flest alvarlegustu slysin verða," segir Ólafur Guðmundsson, tæknistjóri EuroRAP á Íslandi.

Ólafur bendir á að ný samgönguáætlun sýni þessa sögu með afgerandi hætti, þegar 20 slysamestu vegir landsins eru skoðaðir. Einu bæturnar sem verða gerðar á stöðunum á þessum sorglega lista á næstunni eru mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Krýsuvíkurveg og lagfæringar á Biskupstungnabraut undir Ingólfsfjalli.

„Allir aðrir stórir slysavegir á landinu fá ekkert til úrbóta og engar tengingar gerðar milli slysa og fjárframlaga. Megnið af fjárveitingum til nýframkvæmda er að renna í einkagöng á Bakka við Húsavík, sem almenningur fær ekki að nota, og Vaðlaheiðargöng, sem bætir ekki umferðaröryggi svo að neinu nemur," segir Ólafur.

Hann bætir við, þegar mannleg eymd er tekin út fyrir sviga, að á hverju ári missi íslenskt samfélag tæplega 200 manns vegna alvarlegra umferðarslysa. Árið 2016 voru þeir 233 sem létust eða slösuðust alvarlega í umferðinni. Meðaltal síðustu 10 ára eru 193 einstaklingar.

Rifflur voru settar í veginn á sínum tíma á Vesturlandsveg og Suðurlandsveg milli Hveragerðis og Selfoss. Ódýr og árangursrík aðgerð sem fækkaði alvarlegum umferðarslysum á þessum köflum verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á 20 slysamestu vegum landsins urðu á sex ára tímabili – 2009 til 2014 – 462 slys, þar af 232 alvarleg og banaslys, eða helmingur. Þó eru þessir vegakaflar ekki nema 551 kílómetri af vegakerfinu.

Tíu slysamestu vegirnir eru ekki nema 194 kílómetrar, flestir í nágrenni við og á höfuðborgarsvæðinu. Margir þeirra eru í ágætu lagi, en með veikleikum sem enginn vandi er að laga ef vilji er til, segir Ólafur, og nefnir verkefni eins og að klára Reykjanesbrautina, Vesturlandsveginn og Suðurlandsveg – en þessar leiðir út frá höfuðborgarsvæðinu hefur Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, nefnt að bæta mætti með stórum framkvæmdum næstu árin og fjármagna þær með veggjöldum.

Stærstu gloppurnar eru þó ljósastýrðu gatnamótin í þéttbýli, að sögn Ólafs. Þar verða flest verstu slysin.

Það blasir við að niðurröðun verkefna í vegamálum ákvarðast af gamaldags byggðapólitík og kreddum, en ekki rökum og staðreyndum um umferðaröryggi.

Ólafur Guðmundsson, tæknistjóri EuroRAP á Íslandi

„Öll 20 slysamestu gatnamót landsins eru á höfuðborgarsvæðinu og engin áform eru um að laga þau, og reyndar staðið gegn því, eins og á Reykjanesbraut við Bústaðaveg, þar sem allt er klárt af hendi Vegagerðarinnar, en þeir fá ekki að framkvæma vegna andstöðu meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur," segir Ólafur. „Það blasir við að niðurröðun verkefna í vegamálum ákvarðast af gamaldags byggðapólitík og kreddum, en ekki rökum og staðreyndum um umferðaröryggi.

Þetta er þjóðhagslegt tap sem jafngildir tveimur til þremur prósentum af landsframleiðslu á hverju einasta ári. Okkur vantar að gera markvissa áætlun í þessu efni, eins og aðrar þjóðir gera. Setja alvöru markmið, byggt á tölfræði og faglegri nálgun. Það gera aðrar þjóðir og eru að ná miklu meiri árangri en við. Samt eru allar forsendur hér fyrir hendi, en ekki notaðar af stjórnmálamönnum," segir Ólafur. **svavar@frettabladid.is**

Taívan verður fyrsta land Asíu til að leyfa samkynja hjónabönd

TAÍVAN Hæstiréttur Taívan komst í gær að þeirri niðurstöðu að lög sem banna samkynja fólki að ganga í hjónaband bryti gegn stjórnarskrá landsins. Landið gæti orðið hið fyrsta í Asíu til að leyfa samkynja hjónabönd.

Yfirvöld í Taípei auk baráttumanns fyrir réttindum samkynhneigðra höfðu látið á það reyna hvort lögin brytu í bága við stjórnarskrána. Tólf dómarar af fjórtán komust að þeirri niðurstöðu að svo væri. Stjórnvöld í landinu hafa tvö ár til þess að laga landslög að niðurstöðu dómstólsins.

Baráttumenn fyrir réttindum LBGT-einstaklinga komu saman víðsvegar í Taívan og fögnuðu niðurstöðunni. Einnig komu saman hópar fólks sem telja hana fáránlega og vilja halda í bannið.

Talið er að íhaldsmenn í landinu muni halda áfram að leggja stein í götu réttindabaráttunnar. Hafa stjórnmálamenn úr þeirra röðum meðal annars lofað því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort rétt sé að leyfa samkynja hjónabönd.

Stuðningur við samkynja hjónabönd hefur aukist mjög eftir að Tsai Ing-wen, fyrsti kvenforseti landsins, náði kjöri í maí í fyrra.

„Þetta er sögulegur dagur. Taívan mun verða sem loftvog í baráttunni fyrir auknum mannréttindum í álfunni," segir Huang Di-ying, lögmaðurinn sem flutti málið fyrir Hæstarétti. **– jóe**

Andstæðingar laganna glöddust mjög yfir niðurstöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

VELKOMIN Í HELLASKOÐUN

The Lava Tunnel býður landsmönnum að koma og skoða Raufarhólshelli helgina 27.–28. maí, áður en formleg opnun hellisins á sér stað.

Hellirinn er einn sá lengsti á landinu og hefur aðgengi að honum verið stórlega bætt. Uppbygging staðarins sem er á lokastigi gerir gestum kleift að njóta þessa merka náttúrufyrirbæris á öruggan hátt og tryggir sérstöðu hellisins um ókominn ár.

EFLA verkfræðistofa veitir alhliða ráðgjöf í uppbyggingu ferðamannastaða eins og Raufarhólshellis. Huga þarf að leyfis- og skipulagsmálum, umhverfisáhrifum, öryggismálum, hönnun bílastæða, stíga, palla og lýsinga. EFLA og The Lava Tunnel hafa átt í farsælu samstarfi við lausn verkefnisins.

Skoðunarferðir um hellinn verða farnar á klukkutíma fresti með leiðsögumönnum frá kl. 10-17 laugardag og sunnudag. Skráning nauðsynleg.

EFLA

SKRÁNING FER FRAM Á
» www.thelavatunnel.is

Trump skaut á leiðtoga aðildarríkjanna

Bandaríkjaforseti vill aukin framlög aðildarríkja NATO til varnarmála. 23 ríki verja minna í varnarmál en miðað er við. NATO framtíðarinnar þyrfti að einbeita sér að hryðjuverkum. Bretar ósáttir við Bandaríkjamenn vegna leka um rannsóknina á árásinni í Manchester.

BELGÍA Allra augu voru á Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, þegar leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) mættu til fundar í Brussel, höfuðborg Belgíu, í gær. Nýtti hann tækifærið til að endurtaka kunnuglegt stef sitt úr kosningabaráttunni um að hin aðildarríkin eyddu ekki nægilega miklu í varnarmál.

„Það eru 23 aðildarríki af 28 sem borga ekki enn eins mikið og þau ættu að borga," sagði Trump. Hann bætti því við að ríkin skulduðu þar með framlög aftur í tímann en samkvæmt upplýsingum BBC er það hins vegar ekki rétt.

Samkvæmt ársreikningi NATO frá því í fyrra er það aftur á móti rétt að einungis fimm aðildarríki eyddu þeim tveimur prósentum í varnarmál sem bandalagið miðar við. Það eru Bandaríkin, Bretland, Grikkland, Pólland og Eistland.

Aftur á móti er um viðmið að ræða en ekki reglu. Ríkjum þar sem framlög til varnarmála eru minni en tvö prósent fjárlaga er því ekki refsað.

Trump, sem gagnrýndur hefur verið fyrir samband sitt við Vladimír Pútín, forseta Rússlands, tjáði sig um framtíðarsýn sína á hlutverk NATO. „Atlantshafsbandalag framtíðarinnar þarf að einbeita sér verulega að hryðjuverkum og fólksflutningum sem og ógninni sem stafar af Rússum á austurlandamærum NATO."

> **Það eru 23 aðildarríki af 28 sem borga ekki enn eins mikið og þau ættu að borga.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Forsetinn fundaði einnig með Donald Tusk, forseta Evrópuráðsins, og sagðist sá síðarnefndi ekki viss um að þeir hefðu sömu stefnu varðandi Rússland. „En þegar kemur að átökunum í Úkraínu erum við á sama máli," sagði Tusk eftir fundinn.

Nýleg árás á ensku borgina Manchester kom einnig til tals. Sagði Trump að hryðjuverkamenn þyrfti að stöðva annars myndu atburðirnir í Manchester endurtaka sig endalaust.

„Það flæða þúsundir á þúsundir ofan inn í lönd okkar og dreifa sér víða. Í mörgum tilfellum höfum við ekki hugmynd um hvaða fólk þetta er. Við þurfum að vera hörð, við þurfum að vera sterk og við þurfum að vera á varðbergi," sagði Trump.

Upplýsingum um rannsóknina á árásinni hefur hins vegar verið lekið í bandarískra fjölmiðla. Hafa þeir meðal annars birt myndir og fréttir af rannsókninni sem Trump telur að ógni þjóðaröryggi. Þá þykir víst að lekarnir reyni á samband Bandaríkjanna og Bretlands.

Sjálfur hefur Trump heitið því að lekamaðurinn, eða lekamennirnir, verði sóttir til saka. Þá hafa breskir miðlar greint frá því að Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sé afar ósátt og muni krefja Trump um útskýringar er þau hittast í Brussel.

thorgnyr@frettabladid.is

Donald Trump, Theresa May, Recep Tayyip Erdogan, Bjarni Benediktsson og Viktor Orban voru á meðal viðstaddra á leiðtogafundi sem haldinn var í nýjum höfuðstöðvum NATO í Brussel í Belgíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Saumakonur á Hornafirði hafa saumað innkaupapoka úr gömlum bolum undir forystu Guðrúnar Ásdísar, hugsjónakonu og umhverfissinna.

Heimasaumuðu pokarnir minnka plastpokanotkun

SAMFÉLAG Sala á plastpokum í verslun Nettó á Hornafirði dróst saman um 20 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Ástæðan er svokallaðir bolapokar sem konur á svæðinu hafa saumað og standa viðskiptavinum Nettó til boða gjaldfrjálst.

Framtakssamar konur á Hornafirði, með Guðrúnu Ásdísi Sturlaugsdóttur í fararbroddi, hafi staðið fyrir því undanfarið eitt og hálft ár að sauma fjölnota poka úr gömlum bolum. Markmiðið er að gera Hornafjörð að plastpokalausum bæ. Var sérstakri bolapokakörfu komið fyrir við inngang verslunarinnar og viðskiptavinum boðinn sá valkostur að taka sér poka.

„Við höfum minnkað plastpokanotkun um 26,6 prósent í öllum Nettóverslunum síðan 2010," segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, sem fagnar umræddum samdrætti í pokasölu. Slíkt samræmist umhverfisstefnu fyrirtækisins.

„Íslendingar nota um 35 milljónir plastpoka á ári og hver þeirra er aðeins notaður í 25 mínútur í heildina," segir Gunnar.

Hann bendir á að samdrátturinn á Höfn og í verslunum Nettó almennt, sé hvatning til áframhaldandi umhverfisvakningar, en Samkaup hafi í fyrra hent 35 tonnum minna af sorpi en árið á undan. Markmið ársins sé að minnka sorp enn frekar. – **bb**

Brotið skaut orsakaði lykt

IÐNAÐUR Ljósbogaofn verksmiðju United Silicon stöðvaðist á þriðjudagskvöld vegna þess að eitt af rafskautum ofnsins brotnaði. Samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins má búast við slíku við uppkeyrslu. Viðgerð tók nokkurn tíma og af þeim sökum barst lykt frá verksmiðjunni á meðan á ofnstoppi stóð. Ofninn var svo gangsettur að nýju á miðvikudag.

Samkvæmt tilkynningunni mun taka tíma að ná jöfnum og stöðugum rekstri eftir svo langa rekstrarstöðvun. Endurræsingin hefur í stórum dráttum gengið, þrátt fyrir brotið ofnskaut, eftir áætlun. Um leið og ofninn mun ná fullum hita að nýju á að draga úr lykt frá verksmiðjunni. Umhverfisstofnun og bæjaryfirvöldum er haldið upplýstum um allt sem gerist í rekstri ljósbogaofnsins á meðan á þessari uppkeyrslu stendur.

Norska loftrannsóknarstofnunin NILU sinnir mælingum á loftgæðum inni í verksmiðjunni og í nágrenni hennar, þar á meðal á einu heimili í Reykjanesbæ. Markmið mælinga er að fá óyggjandi vissu um hvaða efni geti borist frá verksmiðjunni við ólíkar aðstæður og í hvaða magni, svo unnt sé að grípa til viðeigandi aðgerða í framhaldinu. – **bb**

peugeotisland.is

PEUGEOT 208

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



VERÐ FRÁ:

2.090.000 kr.

Eyðsla frá 3,0 l/100 | CO_2 losun frá 79 g/km

SPORTLEGUR, LIPUR OG ÖRUGGUR

Gæði Peugeot 208 heilla þig strax. Sportlega hannaður, sparneytinn og fáanlegur með Bluetooth og 7 tommu snertiskjá. Einstaklega lipur í umferðinni, snarpur í akstri og státar af fimm stjörnu öryggi. Puretech vélar Peugeot eru þekktar fyrir sparneytni og að vera einstaklega umhverfisvænar.

PEUGEOT 208

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Nafnið breytist en áfangastaðirnir hafa enn sama aðdráttarafl. Ævinlega velkomin um borð.
airicelandconnect.is

Air Iceland Connect

Skammsýni

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Seðlabankinn hefur hætt reglulegum gjaldeyriskaupum. Sú ákvörðun sætir tíðindum enda þótt það hafi aðeins verið tímaspursmál hvenær bankinn myndi viðurkenna að hann gæti ekki lengur staðið á móti gengisstyrkingunni. Á síðustu misserum og árum hefur Seðlabankinn keypt um og yfir helming alls þess innflæðis sem hefur komið á gjaldeyrismarkaðinn og þannig byggt upp yfir 800 milljarða forða. Með öðrum orðum hefur Seðlabankinn falsað markaðsgengi krónunnar. Hefði ekki komið til gjaldeyriskaupanna væri gengið mun hærra. Það var hins vegar fyrirséð að þessi stórfelldu kaup gætu ekki haldið áfram. Þótt gjaldeyrisforðanum fylgi mikill ábati þá ber hann einnig umtalsverðan vaxtakostnað, sem nemur tugum milljarða á ári, og var farinn að bíta í afkomu bankans. Að óbreyttu mun eigið fé hans þurrkast upp 2018.

Þrátt fyrir að uppgangur í ferðaþjónustu hafi átt hvað mestan þátt í stöðugu innflæði gjaldeyris, sem hefur skilað sér í metviðskiptaafgangi, þá kemur fleira til. Frá 2014 hefur það ekki síður verið gríðarmikill afgangur á fjármagnsjöfnuði sem hefur verið að þrýsta upp gengi krónunnar. Þar spilar margt inn í. Áður óþekktur áhugi erlendra fjárfesta á kaupum á íslenskum fyrirtækjum, hækkandi lánshæfismat hefur ýtt undir erlendar lántökur banka og fyrirtækja, innflæði vegna fjárfestinga í skráðum félögum hefur aukist hröðum skrefum og þá eru merki um að vaxtamunarviðskipti séu að fara af stað á nýjan leik eftir tíu mánaða frost. Ísland er á kortinu hjá erlendum fjárfestum. Það er ekki að fara að breytast við núverandi vaxtamun við útlönd. Erlent fjármagn mun halda áfram að streyma til landsins en á sama tíma letja Íslendinga til að fara úr landi með fé sitt.

Þótt gengishækkunin valdi ýmsum útflutningsgreinum miklum erfiðleikum þá hefur hún, eins og seðlabankastjóri hefur bent á, verið góðkynja. Hún byggist á – ólíkt því sem gerðist á árunum fyrir bankahrunið – undirliggjandi efnahagsstærðum og á þátt í betra jafnvægi í hagkerfinu. Gengisstyrkingin endurspeglar því hækkun jafnvægisgengis og hefur stuðlað að minni verðbólgu og þar af leiðandi lægri vöxtum en ella.

Það væri samt skammsýni að telja sér trú um að tugprósenta gengisstyrking til viðbótar muni ekki ógna stöðugleika í hagkerfinu. Stjórnvöld hafa brugðist við þessari stöðu með skipan verkefnisstjórnar um endurmat peningastefnunnar. Það er skynsamlegt fyrsta skref. Eftir að Seðlabankinn hefur hætt reglulegum gjaldeyriskaupum hlýtur hann í kjölfarið að endurskoða beitingu stjórntækja sinna. Ólíklegt er að lækkun vaxta upp á 0,25 eða 0,5 prósentur breyti miklu fyrir gjaldeyrisflæði til og frá landinu. Til þess þurfa vextir að lækka mun meira. Það hefur orðið kerfisbreyting á grunngerð hagkerfisins. Erlenda staðan hefur tekið stakkaskiptum, sparnaðarstigið aldrei mælst hærra og Ísland er því orðið að fjármagnsútflytjanda. Við þessar aðstæður ættu vextir að vera miklu lægri án þess að það raski jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hvenær og hversu hratt það gerist er undir Seðlabankanum komið. Hann er nú þegar á eftir kúrvunni.

Hvenær og hversu hratt það gerist er undir Seðlabankanum komið. Hann er nú þegar á eftir kúrvunni.

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim

Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

Halldór

Frá degi til dags

Sameinuð á ný

Nýtt félag Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar er á allra vörum þessa dagana. Margir velta því fyrir sér hvort félaginu sé ætlað að vera einhvers konar undanfari nýs stjórnmálaflokks en sjálfur hefur forsætisráðherrann fyrrverandi vísað slíku á bug. Þá hafa aðrir spurt sig hvort félaginu sé ætlað að styrkja mögulegt formannsframboð Sigmundar Davíðs á næsta flokksþingi.

Sigmundur Davíð, sem reglulega hefur verið orðaður við stofnun nýs flokks, fékk þó kunnuglegan liðsstyrk í gær þegar Vigdís Hauksdóttir, fyrrverandi samstarfsmaður úr þingflokki Framsóknar, staðfesti í samtali að hún ætlaði að ganga í Framfarafélagið.

Þriðji í Costco

Fyrsti frídagurinn frá opnun Costco í Kauptúni, og þriðji dagurinn sem Íslendingum stendur til boða að versla við risann, var í gær. Eins og vænta mátti ákvað gífurlegur fjöldi Íslendinga að nýta fríið í að standa í ógnarlöngum biðröðum bæði fyrir utan og inni í versluninni.

Þeir sem heima sátu gátu þó huggað sig við það að skoða hópinn „Keypt í Costco Ísl. – Myndir og verð“ á Facebook. Sá hópur er eflaust orðinn einn virkasti Facebook-hópur landsins en meðlimir eru rúm þrjátíu þúsund. thorgnyr@frettabladid.is

Iceland er okkar!

Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Yfirgangur bresku verslanakeðjunnar Iceland skal stöðvaður. Nýlega var mál stjórnvalda gegn bresku verslanakeðjunni Iceland kynnt af fulltrúum Íslands á fundi nefndar Alþjóðahugverkastofnunarinnar um vörumerki, hönnun og landfræðilegar tilvísanir. Verslanakeðjan hefur um árabil beitt sér gegn því að íslensk fyrirtæki geti auðkennt sig með upprunalandinu við markaðssetningu í Evrópu á vörum sínum og þjónustu.

Forsaga málsins er sú að í nóvember sl. greip utanríkisráðuneytið til lagalegra aðgerða gegn bresku verslanakeðjunni Iceland vegna óbilgirni fyrirtækisins.

Breska fyrirtækið hefur einkarétt á nafninu Iceland í öllum löndum Evrópusambandsins. Íslensk stjórnvöld krefjast þess að einkaleyfið verði ógilt þar sem það þykir of víðtækt og kemur í veg fyrir að íslenskir aðilar geti vísað til landfræðilegs uppruna síns.

Þetta mál snýst um grundvallaratriði, það er ólíðandi að einkafyrirtæki eigi einkarétt á orðmerkinu „Iceland“ í öllum löndum Evrópusambandsins. Það kemur í veg fyrir að íslensk fyrirtæki og stofnanir geti skráð vöru sína með tilvísun í upprunalandið Ísland. Málið hefur alþjóðlega skírskotun vegna áhrifa á vöru- og þjónustuviðskipti og miklir hagsmunir eru í húfi. Verslanakeðjan hefur ítrekað kvartað til evrópskra yfirvalda yfir íslenskum aðilum sem nota orðið Iceland sem hluta af vörumerki sínu. Aðgerðir verslanakeðjunnar hafa m.a. bitnað á markaðsátakinu Inspired by Iceland, en undir þeim hatti hefur Ísland verið markaðssett sem spennandi áfangastaður fyrir ferðamenn. Þannig hefur verslanakeðjan beitt sér gegn íslenskum stjórnvöldum og fyrirtækjum.

Þetta mál snýst um grundvallaratriði, það er ólíðandi að einkafyrirtæki eigi einkarétt á orðmerkinu „Iceland“.

Það er sanngjarnt að íslenskir aðilar geti vísað til upprunalandsins ef þeir kjósa svo í markaðsstarfi sínu erlendis. Ísland hefur jákvæða ímynd í hugum neytenda. Tilraunir og viðleitni stjórnvalda á sínum tíma til að semja um sanngjarna lausn á vandanum skiluðu engu. Nýlegum aðgerðum stjórnvalda ber að fagna. Brýnt er að íslensk stjórnvöld gefi hvergi eftir, þannig að erlendir aðilar á borð við verslanakeðjuna Iceland geti ekki einokað nafnið Iceland eða aðrar erlendar tilvísanir til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,
ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Pönk og diskó

Í DAG

Bergur Ebbi

Í sjöunni var hart tekist á í tónlistarheiminum. Upp úr miðjum áratugnum varð pönkið til, en nokkru áður hafði hreiðrað um sig tónlistarstefna kennd við diskó. Og það ríkti ekki mikið bræðralag milli diskós og pönks. Saga þessarar tvíhyggju er í stórum dráttum þessi. Diskó varð til í kjölfar þess að í sjöunni fóru dansstaðir í fyrsta skipti að spila tónlist af plötum, en áður var ekki hægt að halda dansleik öðruvísi en að fá hljómsveit til að spila. Staðir sem reiddu sig á hljómflutningsgræjur og hljómplötur fengu nafnið diskótek, eftir plötunum – diskunum – sem snérust á spilurunum. Síðar fóru tónlistarmenn að stóla sérstaklega á þetta og framleiða danstónlist sem var sérstaklega gerð með „playback“ í huga.

Diskó var drasl

Til að gera langa sögu stutta þá var þetta fyrirkomulag fyrirlitið af mörgum innan tónlistarbransans. Diskó var talið léleg músík og fólk sem fílaði diskó þótti plebbalegt. Rokktónlistarmenn lögðu sig í líma við að sannfæra hlustendur sína um að hljóðgervlar væru ekki notaðir á plötum þeirra og að ekkert væri feik við músíkina. Ekkert þótti sanna það betur en að geta flutt músíkina á sviði. Þess vegna voru diskótek ekki vel liðin meðal rokkara og þar inni heyrðist sjaldan rokkmúsík.

En sumir vildu skilgreina sig enn meira á móti, því færa mátti rök fyrir því að rokktónlist væri líka úrsérgengin. Vinsælustu rokksveitirnar á þessum tíma léku framsækið rokk, svokallað prog-rokk, þar sem spila þurfti á margra hæða orgel og gítara með tveimur hálsum. Svoleiðis tilstand var líka fyrirlitið. Andsvarið var pönkið, sem í raun var andspyrna við alla aðra músík og staðsett eins langt frá diskói og kvarðinn leyfði. Þeir sem hlustuðu á diskó gátu aldrei átt neitt sameiginlegt með pönkurum. Og úr því hefur orðið þessi fræga tvíhyggja: diskó eða pönk, en í lok sjöunnar voru báðar tónlistarstefnurnar jafn áberandi og varla hægt að gera upp á milli hver skilgreindi tíðarandann betur þótt oftast þætti músíkpressunni pönkið merkilegra. Dómar um pönkplötur voru fullir af samfélagslegum skírskotunum en diskó þótti ómerkileg afþreying. Og áður en einhver fer að amast í mér fyrir að tala um eitthvað sem gerðist fyrir mína tíð, þá vil ég taka það fram að þetta eru ekki mínar prívat tilfinningar heldur fremur hin almenna söguskoðun, og vísa ég þar meðal annars til umfjöllunar í New York Times eftir bandaríska poppfræðinginn Chuck Klostermann sem nefnist Which Rock Star Will Historians of the Future Remember? og birtist þann 16. maí í fyrra, en þar er fjallað á almennum nótum um hvað muni standa upp úr ef horft er heildrænt yfir músíksöguna. Ég nefni þessa grein því þar er líka rætt um næsta atriði sem hér er til skoðunar.

Upprisa diskósins

Í dag er ekki endilega viðurkennt að diskó hafi verið slæm tónlistarstefna. Meira en tuttugu ár eru síðan kúl bönd eins og Daft Punk fóru að sampla gömul diskólög og setja þau í nýtt samhengi. Síðar fóru margir að benda á, að diskó hafi verið miklu dýpra menningarfyrirbrigði en umræðan í sjöunni gaf til kynna. Diskótekin opnuðu til dæmis dyr sínar fyrir menningu samkynhneigðra, sem á þeim tíma var víðast ekki viðurkennd. Þá var diskómúsík opnari fyrir þjóðernum og kynþáttum, og bara sú staðreynd að ein stærsta diskóhljómsveit allra tíma hafi verið gerð út frá Vestur-Þýskalandi en meðlimirnir hörundsdökkir og 75% þeirra konur, segir margt um kúltúrinn sem diskó fóstraði. Flest pönk-bönd voru nefnilega bara hvítir strákar, og til að byrja með nánast eingöngu breskir. Og þannig var það þrátt fyrir að boðskapur pönks sé fordómaleysi, niðurbrot múra, valds og kerfis.

En ég tek það fram að þessi upphafning diskós þarf ekki að vera á kostnað pönks. Ég dýrka pönk og allt sem því fylgir. Tilgangurinn með þessum pistli er að sýna að ekki er allt sem sýnist í menningunni. Það sem er álitið ómerkilegt drasl í dag, á kannski eftir að fá upphafningu síðar. Því það er einmitt í fjöldamenningunni, plebbaskapnum og stemningunni, sem djúp og mikilvæg gildi fá jarðveg til að þroskast á meðan það sem á að vera avantgarde, útpælt og merkilegt, er oft þeim ókosti gætt að færri fá að vera með. Að skilgreina sig sífellt á móti getur endað í því að enginn fær aðgang að klúbbnum.

Ætla ég að útskýra þetta eitthvað betur?

Jájá. Hvað þykir plebbalegt í dag? Að fara í Kringluna, spila netleik á Playstation, borða á veitingastaðnum í IKEA? Ég veit það ekki. En kannski er það einmitt í athöfnum sem allir fá að tilheyra – þar sem við hittum fólk frá öllum stigum þjóðfélagsins og sköpum samkennd – sem dýrmætustu gildi menningarinnar verða til.

P.S. ef einhver er að klóra sér í hausnum yfir hvaða vestur-þýska diskóband ég er að vísa í hér að ofan þá er það að sjálfsögðu Boney M.

Hart á móti hörðu á Hlíðarenda í gærkvöldi

Valskonur að vakna Valur vann 5-1 stórsigur á Grindavík á Valsvellinum í gær og eru Valskonur að rétta úr kútnum eftir slaka byrjun. Hér fara Valskonan Stefanía Ragnarsdóttir og Grindvíkingurinn Guðrún Bentína Frímannsdóttir upp í skallaeinvígi í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjast

Pepsi-deild kvenna

Þór /KA - ÍBV 3-1

1-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (18.), 1-1 Sigríður Lára Garðarsdóttir, víti (37.), 2-1 Stephany Mayor (81.), 3-1 Sandra María Jessen (86.).

FH - Stjarnan 1-3

0-1 Katrín Ásbjörnsdóttir (29.), 1-1 Caroline Murray (31.), 1-2 Katrín Ásbjörnsdóttir, víti (33.), 1-3 Donna Key Henry (41.).

Valur - Grindavík 5-1

1-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (19.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (32.), 2-1 Sara Hrund Helgadóttir, víti (45.), 3-1 Málfríður Erna Sigurðardóttir (45.), 4-1 Elín Metta Jensen (50.), 5-1 Ariana Calderon (77.).

Staða efstu liða

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Þór/KA	6	6	0	0	13-2	18
Stjarnan	6	5	1	0	18-5	16
Breiðablik	6	5	0	1	15-2	15
ÍBV	6	3	1	2	8-8	10
Valur	6	4	0	3	12-8	9
FH	5	3	0	2	7-3	9
Grindavík	5	2	0	3	4-10	6

BARA TVÖ ÖNNUR LIÐ Í SVONA STÖÐU Á SÍÐUSTU TÍU ÁRUM

Þór/KA vann 3-1 sigur á ÍBV í gær og er því með fullt hús eftir sex umferðir í Pepsi-deild kvenna. Á síðustu tíu tímabilum hafa aðeins tvö lið byrjað betur, Stjarnan vann alla átján leiki sína sumarið 2013 og Valur vann fjórtán fyrstu leiki sína sumarið 2008. Mark ÍBV kom úr vítaspyrnu og því eiga andstæðingar Þór/KA-liðsins enn eftir að skora hjá Bryndísi Láru Hrafnkelsdóttur, markverði Þór/KA, í opnum leik. Sandra María Jessen, sem sleit krossband í landsleik í mars, skoraði sitt fyrsta mark í sumar.

ÓLAFÍA HEFUR EKKI BYRJAÐ BETUR Á LPGA Í TÍU VIKUR

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í 11. sæti eftir fyrsta keppnisdaginn á LPGA Volvik meistaramótinu á Ann Arbor vellinum við Detroit.

Ólafía Þórunn lék á þremur höggum undir pari vallarins.

Hún var einu höggi yfir pari eftir fimm fyrstu holurnar en náði þá þremur fuglum á fjórum síðustu holum á fyrri níu. Ólafía lék síðan seinni níu holurnar á einu höggi undir pari og fékk samtals fjóra fugla á þessum hring. Þetta er besta byrjun hennar á móti síðan á Bank of Hope mótinu um miðjan mars.

Guðjón getur orðið sá langelsti

Guðjón Valur Sigurðsson gæti náð tveimur metum í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta takist honum að vinna aftur markakóngstitiinn í ár. Það hafa ekki margir orðið meistarar og markakóngar á sama tímabili.

HANDBOLTI Íslenski landsliðsfyrirliðinn er í tvenns konar titilbaráttu í síðasta mánuði þýsku Bundesligunnar í handbolta.

Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Rhein-Neckar Löwen eru með eins stigs forskot á toppi deildarinnar og Guðjón Valur sjálfur er markahæsti leikmaðurinn ásamt Robert Weber hjá SC Magdeburg þegar fjórar umferðir eru eftir.

Það er alls ekki algengt að menn nái slíkri tvennu í sterkustu handboltadeild heims. Marko Vujin náði því sem liðsfélagi Guðjóns hjá Kiel tímabilið 2013-14 en hann er sá eini frá því að Erhard Wunderlich afrekaði það tvö ár í röð með Gummersbach 1982 og 1983.

2005-2006
Guðjón Valur á 27. aldursári og verður markakóngur.

2016-2017
Guðjón Valur á 38. aldursári og á mögleika á því að verða markakóngur í annað skiptið á ferlinum. Deilir efsta sætinu í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimmtán dagar eftir

Það eru hins vegar tvö önnur met sem eru í skotfæri hjá Guðjóni Val nú þegar aðeins fimmtán dagar eru eftir af tímabilinu í Þýskalandi.

Á heimasíðu þýsku deildarinnar eru upplýsingar um markakónga deildarinnar undanfarin fjóra áratugi og þegar sá listi er skoðaður kemur í ljós hversu stórum áfanga Guðjón Valur gæti náð í vor.

Guðjón Valur á möguleika á því að verða langelsti markakóngur þýsku deildarinnar en hann myndi bæta met Pólverjans Jerzy Klempel um næstum því þrjú ár. Guðjón Valur verður 37 ára, 10 mánaða og 2 daga gamall á lokadegi tímabilsins. Jerzy Klempel var nýorðinn 35 ára gamall þegar hann varð markakóngur þýsku deildarinnar vorið 1988 þegar hann lék með Frisch Auf Göppingen. Göppingen endaði þetta vor í sjöunda sæti en Kristján Arason og félagar í Gummersbach tóku titilinn.

Guðjón Valur er annar tveggja Íslendinga sem hafa náð því að verða markakóngur í þýsku deildinni en Sigurður Valur Sveinsson náði því einnig sem leikamaður Lemgo 1984-85 þegar hann skoraði 191 mark í 26 leikjum eða 7,3 mörk að meðaltali í leik.

Guðjón Valur varð markakóngur deildarinnar vorið 2006, þá sem leikmaður Gummersbach. Guðjón skoraði þá 264 mörk eða 7,8 mörk að meðaltali í leik.

Getur slegið met Yoon

Takist Guðjóni að ná í annan markakóngstitil í vor, þá líða ellefu ár á milli markakóngstitla hjá honum sem væri líka met. Það liðu mest tíu ár á milli markakóngstitla Kyung-Shin Yoon sem varð alls sjö sinnum markahæstur á árunum 1997 til 2007.

Ekki eiga Guðjón og félagar eftir léttasta leikjaplanið. Löwen-liðið á nefnilega eftir leiki á móti Flensburg (2. sæti), Kiel (3. sæti), Wetzlar (6. sæti) og Melsungen (8. sæti) og það er því engin smá dagskrá eftir hjá Rhein-Neckar Löwen.

Úrslitaleikur á sunnudaginn?

Það mun því reyna mikið á Guðjón og liðsfélaga hans á þessum fimmtán dögum og liðið byrjar á hálfgerðum úrslitaleik á móti Flensburg á sunnudaginn. Hann mun ráða miklu um það hvernig fer í vor enda munar bara einu stigi.

Það að 38 ára gamall maður skuli vera í þessari stöðu í sterkustu deild í heimi er hins vegar enn ein sönnun þess hversu goðsagnakenndur handboltamaður Guðjón Valur Sigurðsson er. Hvort honum takist að ná þessari sögulegu tvennu kemur í ljós eftir tvær vikur en það er full ástæða til að fylgjast vel með. ooj@frettabladid.is

Elstu markakóngarnir

35 ára

Jerzy Klempel	Göppingen 1988

34 ára

Zdravko Miljak	Günzburg 1984
Jerzy Klempel	Göppingen 1987
Yoon Kyung-shin	Hamburg 2007

33 ára

Jerzy Klempel	Göppingen 1986
Zbigniew Tluczynski	Fredenb. 1989
Marek Kordowiecki	Nieder. 1995
Martin Schwalb	Wallau/Mass. 1996
Lars Christiansen	Flensburg 2005

Í dag

19.05	**Grótta - Þróttur**	Sport
20.00	**Dean & Deluca Inv.**	Golfst.
20.00	**Pepsímörk kvenna**	Sport2
20.30	**Volvik Championsh.**	Sport 4
21.15	**Teigurinn**	Sport
22.00	**1 á 1 með Gumma Ben**	Sport

Inkasso-deildin í fótbolta

19.15	**Grótta - Þróttur R.**	Vivaldiv.
19.15	**Fram - ÍR**	Laugardalsv.

TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM OG FATNAÐI**
26.-29. MAÍ

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gildir til 28. maí á meðan birgðir endast.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

Chicago Town pizzur
Pepperoni og osta.

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

Rana pasta
Ferskt pasta beint frá ítalíu.

Tvennutilboð!
1.498 kr
fullt verð 1.798

Tvennutilboð
Kirsuber 400 g. og bláber 500 g.

Nýtt í Hagkaup

389 kr/stk

ProPud próteindrykkir
Enginn viðbættur sykur, laktósafrítt.

Nýtt í Hagkaup

699 kr/stk

599 kr/stk

Bone Doctor BBQ sósur
The cure for the common Barbeque.

Nýtt í Hagkaup

149 kr/stk

Sumar Kaldi léttur
Bruggaður eftir aldagamalli tékkneskri hefð. 2,25%.

POKASJÓÐUR

TÖKUM UPP FJÖLNOTA

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBAPRIME
2.849 kr/kg
verð áður 3.799

GRILLAÐ LAMBAPRIME Í TRUFFLUMARINERINGU MEÐ CHORIZO, KARTÖFLU- OG SPERGILKÁLSSALATI

4 stk lambaprime u.þ.b. 200 g hvert
1 stk hvítlauksgeiri
40 g maukaðar trufflur
1 msk timian
1 msk salt
1 msk grófmalaður svartur pipar
25 g tómatpurré
½ búnt ítölsk steinselja
100 ml ólífuolía

Setjið allt nema lambið í matvinnslu-vél og maukið saman í ½ min. Hellið marineringunni yfir lambið og nuddið vel í kjötið.
Látið standa í 10-14 klst. Hitið grillið og grillið kjötið í ca. 5 mín á hvorri hlið. Takið af grillinu og setjið í eldfast mót og álpappír yfir kjötið og látið hvíla í 15 mínútur.

Kartöflusalat
800 g soðnar kartöflur
100 gr chorizo pylsa (fínt skorin)
1 box sveppir
1 haus spergilkál
1 hvítlauksrif
½ búnt ítölsk steinselja
60 g kapers
ólífuolía til steikingar

Skerið sveppina fínt niður og hitið pönnu og steikið þar til þeir eru orðnir gylltir og fallegir. Rífið hvítlaukinn fínt yfir sveppina og steikið áfram í ca. 2 mín eða þar til hann er orðin gylltur, kryddið með salti og pipar og setjið í skál. Skerið spergilkálið smátt niður og hitið svo pönnuna aftur með vel af ólífuolíu og steikið þar til það er eldað í gegn. Skerið kartöflurnar niður í ca 2,5 cm kubba og bætið í skálina ásamt öllu hráefninu.
Blandið vel saman og smakkið til með salti og pipar.

Giuliano trufflur

KJÖRFUGL

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

HEILL KJÚKLINGUR
629 kr/kg
verð áður 699

KJÖRFUGL

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
1.619 kr/kg
verð áður 1.799

KJÖRFUGL

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-VÆNGIR
269 kr/kg
verð áður 299

KJÖRFUGL

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LEGGIR
629 kr/kg
verð áður 699

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

26. MAÍ 2017 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1056 Ísleifur Gissurarson vígður biskup til Skálholts, þá um fimmtugt. Hann var fyrsti íslenski biskupinn.

1421 Mehmet 1. soldán deyr og sonur hans Múrat 2. tekur við.

1885 Garðyrkjufélag Íslands er stofnað.

1892 Kristján konungur níundi og drottning hans, Louise af Hessen-Kassel, eiga gullbrúðkaup, sem haldið er upp á með hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni.

1896 Dow Jones-vísitalan er gefin út í fyrsta skipti.

1929 Björgunarbáturinn Þorsteinn, sá fyrsti sem Slysavarnafélag Íslands eignast, er vígður í Reykjavík. Bátnum var síðar komið fyrir í Sandgerði sem björgunarbát. Báturinn er enn til og er geymdur þar.

1940 Orrustan um Dunkerque hefst.

1945 Íþróttamenn fagna 100 ára dánarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, en eitt af því sem hann þýddi á íslensku fyrstur manna voru sundreglur.

1966 Gvæjana fær sjálfstæði frá Bretum.

1968 Hægri umferð gengur í gildi á Íslandi, en ekið hafði verið vinstra megin frá upphafi bílaaldar þar. Áður hafði staðið til að breyta í hægri umferð árið 1940, en því hafði verið frestað vegna hernáms Breta.

1973 Varðskipið Ægir skýtur föstum skotum á togarann Everton, sem er að veiðum 20 sjómílur innan 50 mílna markanna. Mikill leki kemur að togaranum, en ekki verða slys á mönnum.

1974 Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

1983 Fyrsta ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tekur við völdum.

Fyrsta ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum þennan dag árið 1983.

†

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Guðfríður Möller Guðmundsdóttir

Dalshrauni 5, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 26. maí kl. 13.00.

Björn Möller
Magnús Möller — **Bergljót Hreinsdóttir**
Guðmundur Möller — **Ingibjörg Þórisdóttir**
Þórður Möller
Þóra Möller — **Halldór P. Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Jóna Baldvinsdóttir

Víðilundi 24, Akureyri,

lést 23. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 31. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri.

Jón Bjarnason — **Halla Einarsdóttir**
Ingibjörg Bjarnadóttir — **Ásgeir Óskarsson**
Pétur Bjarnason — **Ágústa Björnsdóttir**
Lilja Bjarnadóttir — **Hrafnkell Reynisson**
ömmu- og langömmubörn.

Faðir poppfræðinnar fer á eftirlaun á næstunni svo það fer hver að verða síðastur að kíkja á fyrirlestur hjá honum.

Faðir poppfræðanna ræðir við Íslendinga um ferilinn

Simon Frith hefur verið kallaður faðir poppfræðanna. Hann hefur skrifað um tónlist síðan á áttunda áratugnum. Simon kemur hingað til lands á vegum Arnar Eggerts Thoroddsen, en Simon er leiðbeinandi hans í fræðunum.

Simon Frith má líklega kalla föður poppfræðanna. Hann er leiðbeinandinn minn í doktorsnáminu mínu úti í Edinborg. Hann mun flytja fyrirlestur þar sem hann fer til dæmis í gegnum feril sinn og síðan verður opinn spurningatími þar sem fólk fær að spyrja hann að öllum þeim spurningum sem kunna að vakna. Hann er nú að fara á eftirlaun og þetta er líklega síðasta akademíska heimsóknin hans," segir Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarblaðamaður, útvarpsmaður, doktorsnemi í tónlistarfræðum og margt, margt fleira – en hann stendur fyrir komu Simons Frith, eins helsta tónlistarspekings heimsins, hingað til lands þar sem hann mun halda fyrirlestur um ferilinn og fræðin í Veröld, húsi Vigdísar á hádegi í dag.

> **Í þessum fyrirlestri ætlar hann að fara svolítið yfir feril sinn og tala um helstu hindranir sem hann hefur mætt þegar hann hefur verið að kenna þetta í háskólum.**

En hvað fela poppfræðin í sér? „Það er hvernig við tökum popp- og rokktónlist og greinum hana með félagsfræðilegum hætti. Þá eru ýmsar spurningar sem við getum velt fyrir okkur – til að mynda tónleikamenningu; hvernig hagar fólk sér þegar það fer á Aron Can tónleika? Hagar það sér öðruvísi en þegar það fer á Rammstein tónleika? Hvaða merkingu hefur tónlistin fyrir þig – hefur það eitthvað með sjálfsmyndina að gera? Ég er þungarokkari, ég er hipphoppari og svo framvegis. Hvernig notum við þetta í mannlegum samskiptum? Hvaða áhrif hefur tónlistin á líf okkar þegar við erum til dæmis að safna plötum og svo framvegis. Þetta eru sumar þeirra spurninga sem hann hefur verið að skoða á sínum ferli."

Arnar Eggert Thoroddsen stefnir að því að gera poppfræðin að poppfagi innan háskólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvernig fer fræðimennska og dægurmenning saman? „Það sem er merkilegt við þetta er að þegar við hugsum um fræðin, þá hugsum við um eitthvað annað en það sem er skemmtilegt, eins og popp og rokk er. Það hefur kannski verið helsta áskorunin hjá fræðimönnum eins og Simon Frith og mér, okkur sem höfum verið að kenna þetta í háskólum, hvernig er hægt að fjalla um eitthvað sem á að vera skemmtileg, upplyftandi afþreying með leiðinda-fræðagleraugum? Nú er ég til að mynda að kenna námskeið í háskólanum sem heitir Félagsfræði dægurmenningar og þar eru krakkarnir að fá tækifæri til að skrifa um Kendrick Lamar eða Rammstein og það hefur verið mjög skemmtilegt fyrir þau og mjög spennandi – það segir manni ýmislegt, það að fara á bólakaf í þetta er mjög skemmtilegt."

Hefur verið mikið fjallað um popptónlist í fræðilegum gír hér á landi? „Nei, og það er það sem við erum að reyna að breyta núna í háskólanum. Fyrir þá nemendur sem koma þarna inn er þetta bara opinberun – „Má ég skrifa um Eminem í BA-ritgerðinni minni?!" Já! Þú mátt það! Ég hlakka til að reyna að breyta þessu og kynna þetta almennilega í háskólanum. Til hvers að vera í háskóla ef það er ekki skemmtilegt?"

Hvað mun Simon Frith fjalla um á föstudaginn? „Í þessum fyrirlestri ætlar hann að fara svolítið yfir feril sinn og tala um helstu hindranir sem hann hefur mætt þegar hann hefur verið að kenna þetta í háskólum, hann ætlar að tala um helstu áhugamál sín innan fræðanna og mun fara í svona það að velta fyrir sér hvaða merkingu þetta hefur fyrir hann.

Hann hefur til að mynda sérstakan áhuga á lélegri tónlist – hvernig hægt er að mæla hana, hvað getur maður sagt: er til eitthvað sem heitir léleg tónlist?

Hann hefur líka mikið verið að rannsaka tónleikamenningar-kúltúr. Hvað gerist á tónleikum? Hvað er það sem gerist úti í sal, hvað er það sem gerist upp á sviðinu og hvernig samskipti eru þarna á milli?

Það er hægt að fara með þetta í allar áttir – plötusöfnun, útvarpsspilun og svo framvegis. Hann hélt til dæmis heila ráðstefnu þar sem hann talaði um efnislegan hluta tónlistar eins og til að mynda vínylsöfnun," segir Arnar Eggert að lokum en fyrirlesturinn fer fram eins og áður sagði í Veröld, húsi Vigdísar, í dag, föstudaginn 26. maí, klukkan 12 og það er frítt inn.

stefanthor@frettabladid.is

FÓLK

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 26. MAÍ 2017

María Nielsen sökkti sér í rannsóknir á hinni fullkomnu húsmóður við vinnslu lokaverkefnis síns í fatahönnun frá LHÍ.

Lífsstíll ➔4

Mörg spennandi verkefni bíða Valýjar Þórsteinsdóttur í London á næstunni þar sem hún býr með fjölskyldu sinni.

Engir tveir dagar eins

Eftir fjögur viðburðarík ár í Tókýó flutti Valý Þórsteinsdóttir til London ásamt fjölskyldunni. Þar stýrir hún mörgum spennandi verkefnum í tengslum við samfélagsþróun. ➔2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Fjölskyldan mætt til London þar sem ný ævintýri bíða hennar. Dóttir þeirra, Bergrún Elsa er tveggja ára.

Líf hinnar 33 ára gömlu Valýjar Þórsteinsdóttur hefur verið ansi viðburðaríkt undanfarin ár. Eftir fjögurra ára spennandi dvöl í Tókýó, höfuðborg Japans, flutti hún ásamt eiginmanni sínum, Ingimari Hólm Guðmundssyni, og ungri dóttur til London síðsumars 2016 þar sem hún stýrir mörgum spennandi verkefnum hjá Manor House Development Trust sem öll snúa að samfélagsþróun og samfélagslegri frumkvöðlastarfsemi.

Það hafði lengi verið fjarlægur draumur þeirra beggja að flytja til Japans enda bæði haldin mikilli ferðaþrá að sögn Valýjar. „Þegar við kynntumst á sínum tíma vorum við ekki lengi að ákveða hvert skyldi halda í fyrsta ferðalagið. Við pökkuðum niður í bakpoka, með ferðahandbók í farteskinu og villtumst ótt og títt í steinsteypufrumskóginum Tókýó."

Ferðin umrædda staðfesti áhuga hennar á því að læra japanska tungu og kafa dýpra í japanska menningarheima. Ingimar, sem er tölvuleikjaforritari, hafði alltaf einsett sér að búa einhvern tímann í Japan, og þá helst í mekka tölvuleikja, Tókýó. „Eftir ferðina skráði ég mig í japönsku í Háskóla Íslands og tók þriðja árið í skiptinámi við Waseda-háskólann í Tókýó. Ég var svo lánsöm að hljóta þrjá námsstyrki, sem gerði mér kleift að stunda námið af fullum krafti. Ingimar kom með mér með það í huga að sækja um forritunarstöðu hjá japönsku tölvuleikjafyrirtæki. Eftir strangt umsóknarferli fékk hann vinnu hjá Square Enix í Tókýó, sem er hvað þekktast fyrir Final Fantasy leikina og varð svo partur af gervigreindarteymi í leiknum Final Fantasy 15 sem kom út í ár."

Fjölbreytt verkefni

Eftir að námi lauk tók hún að sér mörg ólík verkefni, m.a. fyrir fyrir japanskar sjónvarpsstöðvar og fyrirtæki sem vildu taka upp þætti eða auglýsingar á Íslandi, kenndi ensku í háskóla og íslensku í einkatímum, vann sem aukaleikari í uppfærslum hjá erlendum ballett og óperuuppfærslum fyrir Paris Opera Ballet og Scala, vann við þýðingar, las inn á heimildarmyndir, ritstýrði iOS tungumálakennslu-appi og lék í kennsluþáttum fyrir japanska ríkissjónvarpið.

Áhugi Valýjar á japanskri menningu og sögu leiddi hana síðan út í heimildarmyndargerð. Hún hóf vinnslu heimildarmyndar ásamt tveimur vinum sínum, Lauru Liverani heimildajósmyndara og Neo Sora kvikmyndagerðarmanni. Myndin, sem enn er í vinnslu, heitir „Ainu Neno An Ainu" fjallar um Ainu-fólkið sem talið er vera afkomendur fólks sem bjó í Japan á Jomon-tímabilinu. „Ainu-fólkið hefur sætt miklum ofsóknum í gegnum aldirnar og var einungis fyrst árið 2008 viðurkennt af japönsku ríkisstjórninni sem frumbyggjar Japans."

Auk þess var hún einnig formaður Íslendingafélagsins í Japan öll fjögur árin og skipulagði m.a. fjölda funda, viðburða og ferða en þéttur og góður hópur Íslendinga býr í Tókýó að hennar sögn.

Lagskipt samfélag

Japanskt samfélag er ólíkt því íslenska að því leytinu að það er lagskiptara en við eigum að venjast, segir Valý. Mikið sé um óskrifaðar reglur og er ætlast til þess að fólk hegði sér á vissan máta í ákveðnum aðstæðum. „Það endurspeglast sterkt í tungumálinu, þar sem staða hvers í goggunarröðinni kemur bersýnilega fram eftir því hvernig fólk ávarpar og talar við hvert annað. Á Íslandi eru hlutir sagðir meira beint út, en í Japan þarf maður að geta lesið á milli línanna og undir yfirborð hluta til að átta sig almennilega á því sem í raun og veru fer fram eða er verið að segja."

Kurteisi er í hávegum höfð og Japanir virðast mjög stoltir af vinnunni sinni, sama hvort um er að ræða kassastarf í 7-Eleven eða eitthvað annað. „Það var ædislegt að panta pítsu og fylgjast með sendlinum taka ofan derhúfuna og hneigja sig eftir að hafa þakkað fallega fyrir sig. Það er virðing í öllu, sem er eitt af því sem mér þykir mjög fallegt við japanska menningu."

Með hressum og skemmtilegum vinnufélögum í London.

Það kom henni þó á óvart hvað þessi hátæknivædda þjóð heldur fast í gamla tækni þegar kemur að búrókratík. „Faxtæki er t.d. staðalbúnaður á flestum skrifstofum og tíkallasímar enn algengir á götum úti. Þó svo að það sé viss klisja að segja það, þá er Japan vissulega land andstæðna þar sem haldið er fast í gamlar hefðir þótt nýjar séu einnig velkomnar."

Nær fjölskyldunni

Fjórum frábærum árum síðar og einu barni ríkari flutti litla fjölskyldan til London, ekki síst til að vera nær fjölskyldum sínum. Einnig spilaði inn í ákvörðunina að Ingimar fékk spennandi atvinnuboð hjá tölvuleikjafyrirtækinu Rocksteady í London. „Eftir að hafa loks fundið íbúð og leikskóla, sem var nokkurs konar þolraun þar sem hinir hæfustu lifa af, fór ég í atvinnuleitarham. Ég var svo heppin að landa vinnu hjá Manor House Development Trust (MHDT) sem er staðsett í menningar- og samfélagssetri í Woodberry Down, sem er eitt fjölmenningarlegasta en jafnframt eitt fátækasta hverfi innan Hackney, borgarhluta í norðausturhluta London."

Fyrir tíu árum ákváðu borgaryfirvöld að stemma stigu við því ástandi sem ríkti á svæðinu, en fólk í hverfinu óttaðist um öryggi sitt vegna aukinnar glæpatíðni og húsnæði voru margt hvert í niðurníðslu. „Ákveðið var að rífa gamlar blokkir og byggja nýjar fyrir íbúana sem þar bjuggu fyrir. Síðan hafa einnig verið byggðar lúxus íbúðablokkir á svæðinu sem laða að sér nýja efnameiri íbúa í hverfið. Þetta uppbyggingarferli er enn í gangi og er ekki áætlað að ljúki fyrr en eftir 13 ár."

> **Þessi verkefni eru mér afar hugleikin því ég trúi því að allir litlu hlutirnir sem við gerum sem einstaklingar geti haft stór áhrif á umhverfi okkar.**

Lært margt

MHDT var stofnað til þess að gæta þess að mannlegi þátturinn tapaðist ekki í þeim breytingum sem gjarnan verða þegar peningar koma skyndilega inn í fátækari hverfi, segir Valý. „Við svo stórtækar breytingar koma iðulega upp ýmis vandamál, verðlag hækkar og þeir sem minna hafa milli handanna hrekjast oft í burtu. Verkefnin sem við vinnum að snúa að því að vinna með fólkinu að því sem það vill sjá gerast í samfélaginu og snýst um að mæta þörfinni og hlusta, í stað þess að koma upp með fínar nýjar hugmyndir frá toppnum sem kannski gagnast einungis broti af þeim íbúum sem þar búa."

Hún segir þau vinna að því að skapa tækifæri fyrir fólk og valdefla það í því að ná árangri í lífi og starfi, bjóði upp á víðtæka þjónustu, þjálfun og starfsreynslu á ólíkum sviðum. „Við sinnum mörgum verkefnum tengdum umhverfismálum, endurvinnslu, orkusparnaði og matarsóun. Þessi verkefni eru mér afar hugleikin því ég trúi því að allir litlu hlutirnir sem við gerum sem einstaklingar geti haft stór áhrif á umhverfi okkar." Þau vinna einnig mikið með listafólki úr hverfinu, gera hreyfingu aðgengilegri fyrir íbúa og bjóða upp á valdeflandi námskeið fyrir ungar stúlkur og svo mætti lengi telja. „Í haust verður stærðarinnar menningar- og samfélagshátíð sem ég hef nú hafist handa við að skipuleggja og hlakka mikið til að sjá verða að veruleika."

Starfið hefur gengið mjög vel og hafa þau hlotið mörg verðlaun, til að mynda voru þau valin eitt af átta bestu félagslegu nýsköpunarfyrirtækjunum í Bretlandi í janúar.

„Ég hef lært svo margt á þeim tíma sem ég hef unnið hérna og hlakka til að læra enn meira. Enginn dagur er eins í vinnunni og maður veit í raun aldrei hvert hann leiðir mann."

Fjölskylduvæn borg

London hefur komið þeim hjónum á óvart og er í raun mun fjölskylduvænni en þau áttu von á. „Það litast kannski af því að við búum mjög nálægt vinnustöðum okkar, þannig að lítill tími tapast í samgöngur. Ingimar hjólar í vinnuna og ég valhoppa. Við búum mitt á milli tveggja stórra garða, sem er algjört æði með litla tveggja ára skopparakringlu sem veit fátt skemmtilegra en að sparka í bolta og hlaupa frá foreldrum sínum."

Og stórborgin býður upp á fjölbreytt úrval afþreyingar að sögn Valýjar. „Við erum dekruð hvað varðar úrval af áhugaverðum viðburðum sem hægt er að sækja hér í London, rétt eins og í Tókýó. Við elskum að fara í fallega garða með stelpunni okkar, kanna ný hverfi og fara á þau frábæru söfn sem London hefur upp á að bjóða."

Fram undan hjá fjölskyldunni er að koma sér vel fyrir og njóta þess að búa í þessari skemmtilegu borg, segir Valý. „Langtímamarkmiðið er að halda áfram að hlúa að því sem skiptir máli, vera forvitin, kanna umhverfið, reyna að vera góðar fyrirmyndir fyrir stelpuna okkar og halda áfram að vaxa í starfi á meðan við elskum það sem við gerum."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433

Ferðir

xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

Algjör forréttindi

Vinkonurnar Jenný og Guðrún náðu tveimur draumaferðum með skömmu millibili þegar þær klifu Hvannadalshnjúk og Hrútfjallstinda í glampandi sól og einstakri veðurblíðu. ➔2

MYND/GESTUR SNORRASON

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Einmuna veðurblíða hefur verið uppi á mörgum hæstu tindum landsins undanfarnar vikur og hafa margir göngumenn nýtt tækifærið og haldið í skemmtilegar göngur. Meðal þeirra eru vinkonurnar Jenný Guðbjörg Hannesdóttir og Guðrún Ragna Hreinsdóttir sem með tveggja vikna millibili náðu að ganga upp á hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk, og Hrútfjallstinda í næsta nágrenni í einstöku veðri. Sjálfsagt myndu margir telja sig heppna að ná einn slíkri draumaferð um ævina en að ná tveimur slíkum með svo skömmu millibili er auðvitað einstakt, að þeirra sögn.

Þær segja upplifunina á toppunum hafa verið frábæra, fegurðina einstaka og veðurblíðuna með eindæmum. „Á Hrútfjallstindum var það ótrúlegt útsýnið sem heillaði okkur algjörlega. Strax í 1.000 metra hæð var útsýnið stórkostleg. Á Hvannadalshnjúki fundum við meira fyrir sigurtilfinningu, að hafa náð á hæsta topp landsins, en leiðin upp býður ekki upp á mikið útsýni," segir Jenný. „Það er fullt af fólki sem reynir við þessa tinda í nokkur skipti áður en það fær útsýni eða hreinlega nær á toppinn. Að hafa fengið þetta veður í báðum ferðunum eru algjör forréttindi og við nutum þess í botn. Við eigum líklega eitthvað inni hjá veðurguðunum," bætir Guðrún við.

Óvænt tækifæri

Hvorug þeirra hafði klifið áður Hvannadalshnjúk eða Hrútfjallstinda og raunar var hæsti tindur landsins ekkert endilega á dagskrá þetta árið að þeirra sögn. „Hins vegar höfðum við rætt það að ef við fengjum tækifæri til að fara með litlum hópi myndum við grípa tækifærið. Þótt aðrir tindar séu meira krefjandi og spennandi en Hnjúkurinn finnst okkur auðvitað nauðsynlegt að fara á hæsta tind landsins."

Og óvænt tækifæri kom þegar forsvarsmaður gönguhóps bauð þeim með nokkurra daga fyrirvara þegar pláss losnuðu vegna forfalla. „Við stukkum á það, sérstaklega þar sem við vorum óvissar um að komast á Hrútfjallstinda. Af því við erum báðar í góðu formi og förum á fjöll allan ársins hring var hægt að stökkva á þetta án sérstaks undirbúnings. Vinkona okkar, Helga Dröfn Þórarinsdóttir, ákvað líka að grípa tækifærið en hún var einnig að ganga á Hnjúkinn í fyrsta sinn."

Góð stemning

Ferðin á Hvannadalshnjúk hófst við eyðibýlið Sandfell um kl. 3 eftir miðnætti, laugardaginn 6. maí. „Við gengum upp Sandfellsheiði og upp í jökulrönd í 1.100 metra hæð. Þar hefst jöklagangan sjálf, við rætur „dauðabrekkunnar" margumræddu, þar sem allir eru bundnir í línu. Í um 1.600 metra hæð komum við að sprungusvæði þar sem nokkrir, þar á meðal við báðar, lentum í sprungum. Ekkert alvarlegt en við fórum þó alveg upp að mitti en komumst sjálfar upp úr þeim."

Færið var gott að þeirra sögn, mátulega hart en glampandi sól og hiti. „Í 1.800 metra hæð festum við broddana á okkur og síðasti áfanginn upp á Hnjúkinn var klifinn. Við stoppuðum lengi á toppnum enda veðurblíðan með eindæmum, mikið af fólki og góð stemning. Niðurferðin var mun erfiðari enda mikil snjóbráð og þá er þyngra að ganga og fólk orðið þreytt. Ferðin tók í heildina um 16 tíma."

Gengið undir Vesturtindi Hrútfjallstinda í dásamlega fallegu veðri.

Himinlifandi á toppi Hvannadalshnjúks. F.v.: Jenný, Guðrún og Helga.

Með Gesti göngufélaga. Mið- og Suðurtindar Hrútfjallstinda í bakgrunni.

> **Það er fullt af fólki sem reynir við þessa tinda í nokkur skipti áður en það fær útsýni eða hreinlega nær á toppinn. Að hafa fengið þetta veður í báðum ferðunum eru algjör forréttindi og við nutum þess í botn.**

Ekki ský á himni

Þær höfðu rætt það sín á milli um veturinn að ganga upp á Hrútfjallstinda enda taldir með glæsilegustu tindum landsins. „Við sáum ferð auglýsta með Ferðafélagi Íslands en drógum það lengi að skrá okkur að það var kominn biðlisti loksins þegar við létum verða af því. Við komumst þó inn að lokum og höfum ferðina um kl. 1 eftir miðnætti laugardaginn 20. maí."

Ferðin á Hrútfjallstinda, sem eru í vestanverðum Öræfajökli milli Svínafellsjökuls og Skaftafellsjökuls, hófst við rætur Hafrafells og er mikil hækkun tekin í upphafi göngu. „Gengið var að Sveltiskarði og þaðan yfir á jökulinn. Þar var hópnum skipt niður og farið í línur. Færið var hart og gott og aftur fengum við þetta ótrúlega flotta veður, nánast logn og ekki ský á himni."

Hrútfjallstindar eru fjórir og var fyrst gengið að og undir Vesturtind og þaðan á Hátind sem er hæstur Hrútfjallstinda, 1.875 metrar. „Þaðan fengum við stórkostlegt útsýni yfir á hina tindana, Miðtind og Suðurtind. Þar blasir einnig við Hvannadalshnjúkur, Dyrhamar, Tindaborgin og Sveinstindur í fjarska. Kverkfjöll, Snæfell, Skaftafellsfjöllin með Þumal og Miðtind, Mávabyggðir og svo mætti lengi telja."

Hluti hópsins fór á Miðtind og flestir fóru á Vesturtind. „Þetta tók allt heillangan tíma og við vorum ekkert að flýta okkur í góða veðrinu. Eins og á Hnjúknum var snjóbráð á leiðinni niður, hlíðar Hafrafells eru brattar og niðurferðin reyndi því nokkuð á. Ferðin tók í heildina um 18 tíma."

Alltaf tilbúnar

Sumarið er fram undan og lítið verður slakað á næstu mánuði þegar kemur að göngum. Þær fara sama í Lónsöræfi í sumar og vonandi á Glerárdalstinda auk þess sem Guðrún ætlar á Botnssúlur, inn á Friðland að Fjallabaki, Galtárhöfuð í Mýrdalnum og margt fleira með Fjallafélaginu. „Svo förum við ýmislegt á eigin vegum með göngufélögum okkur. Með því að halda sér í góðu gönguformi allt árið er lítið mál að henda í bakpoka og reima á sig skóna og grípa tækifærin þegar þau gefast."

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439 | **Veffang:** Visir.is

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN



JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN

- VERIÐ VELKOMIN Í MÝVATNSSVEIT -

www.jardbodin.is · sími 464 4411 · info@jardbodin.is

Allir ættu að gera öryggisráðstafanir

Sumarið er handan við hornið og viðbúið að fólk fari að vera meira á ferðinni. Þó við Íslendingar teljum okkur þekkja landið nokkuð vel er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig og gera einfaldar öryggisráðstafanir.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Jónas hvetur alla til að skilja eftir ferðaáætlun, bæði þegar farið er í lengri og skemmri ferðir. MYND/GVA

Í upphafi skyldi alltaf kanna veðurspána. Það er regla númer eitt," segir Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, sem féllst á að fara yfir helstu öryggisráðstafanir sem fólk ætti að gera áður en lagt er í hann. „Þeir sem hyggja á útivist og göngur þurfa síðan að huga að klæðnaðinum, en gott er að hugsa hann í þremur lögum. Innsta lagið er nærfatnaður. Hann þarf að vera þannig að hann einangri vel og haldi einangrun þó hann blotni. Næst er það miðlagið sem virkar eins og aukaeinangrun en það getur verið lopapeysa, flíspeysa eða annað sem er þykkt og gott. Á Íslandi er svo ekki síst mikilvægt að huga að ysta laginu og passa að það verji eins mikið og hægt er fyrir vatni og vindi," segir Jónas. Hann segir mörg alvarlegustu tilvikin og jafnvel banaslysin sem Landsbjörg komi að tengjast illa búnu fólki. „Það er mikilvægt að hafa það í huga að þó veðrið sé gott í byggð gildir ekki það sama á fjöllum. Þá getur skollið á vonskuveður með skömmum fyrirvara. Þeir sem eru vel búnir geta jafnvel beðið af sér veður en aðrir eiga á hættu að ofkælast."

Skiljið eftir ferðaáætlun

Jónas hvetur alla til að skilja eftir ferðaáætlun og segir það alls ekki bara eiga við um erlenda ferðamenn. Áætlunin er færð inn á safetravel.is. „Þú skilur hana einfaldlega eftir og ef eitthvað kemur upp á byrjum við á því að athuga hvort hún liggi fyrir en þá er auðveldara að komast á sporið."

Ef fólk er eitt á ferð, sem Jónas mælir reyndar aldrei með en veit þó að það gerir, ætti í öllum tilfellum að skilja eftir ferðaáætlun.

Jónas Guðmundsson.

Á það jafnt við um þá sem ætla í nokkurra daga göngu eða kvöldtúr á Esjuna. „Sérstaklega ef farið er upp á Hátind, Móskarðshnjúka eða á aðra fáfarna staði," segir Jónas og tekur einfalt dæmi: „Ef göngumaður ætlar einn í kvöldgöngu upp á Esju færir hann áætlunina inn á safetravel.is og skráir hvenær hann býst við því að vera kominn til baka. Ef hann er ekki búinn að senda sms á þeim tíma poppar upp mál hjá Neyðarlínunni. Þá er byrjað á að reyna að ná sambandi. Ef það næst ekki er sendur lögreglubíll á bílastæðið hjá Esjunni. Ef bíll göngumannsins er á staðnum en mannlaus er farið í frekari aðgerðir."

Kosturinn við að skrá inn ferðaáætlun er að sögn Jónasar líka sú að notendur fá sjálfkrafa sms með öllum viðvörunum sem eiga við. Þeir fá þá samstundis upplýsingar um breytingar á veðri, hversu mikið er í ám og annað í þeim dúr.

Jöklakort með sprungujþekju

Þeir sem ætla að ganga á jökla ættu svo að sögn Jónasar að gera sérstakar ráðstafanir. „Við erum búin að kortleggja sprungusvæði og er hægt að hlaða sérstakri þekju niður í GPS-tæki en þar sést með grænu, gulu og rauðu hvar er æskilegt að ganga og hvar ekki. Þá erum við búin að merkja hættuminni leiðir á Mýrdals- og Vatnajökli með GPS-punktum sem gott er að fara eftir."

Gott að fara á námskeið

Jónas segir sífellt fleiri Íslendinga ganga á jökla og brattari fjöll. „Það er hið besta mál en stundum getur verið gagnlegt að byrja á því að fara á námskeið til að læra að meta snjóflóðahættu til fjalla, læra á GPS, kort og áttavita svo dæmi séu nefnd." Að sögn Jónasar er snjóflóðahætta á fjöllum fyrir hendi allan veturinn og jafnvel vel fram í júní. Á jöklum getur hún verið til staðar allan ársins hring.

112-appið

Jónas hvetur alla til að hlaða niður 112-appinu í símann. „Þar er annars vegar hægt að senda staðsetningu eins oft og þurfa þykir, en appið vistar síðustu fimm. Þetta eru kallaðir brauðmolar og ef notandi kemst af einhverjum orsökum ekki í símann er hægt að fylgja þessum punktum þegar farið er að leita. Hins vegar er með einum smelli hægt að ýta á neyðartakka. Þannig sendir notandi staðsetningu sína og nær um leið símasambandi við Neyðarlínuna."

Mikið af ofangreindum ráðleggingum byggir á því að fólk hafi virk fjarskiptatæki við höndina. „Gæta þarf að því að farsíminn sé hlaðinn og eins er gott að vera með talstöð eða neyðarsendi eins og við á, en þess má geta að Landsbjörg leigir út neyðarsenda gegn vægu gjaldi. Þá er hægt að panta á safetravel.is og fá afhenta á Ísafirði, Akureyri, Reykjavik og Höfn."

RH-Íbúðir
Túngötu 5, 400 Ísafjörður
Netf: rhibudir@simnet.is

Áhugaverðir staðir fyrir börn

Útgáfuhóf í tilefni útkomu bókarinnar Reykjavik With Kids verður haldið á morgun, laugardag, klukkan 13, í Pennanum Eymundsson Austurstræti. Í bókinni eru hugmyndir að stöðum sem hægt er að heimsækja með krökkum. Höfundar bókarinnar, þær Lára G. Sigurðardóttir læknir og Sigríður Arna Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, kalla þessa staði „uppskrift að hamingjusamara og heilsusamlegra fjölskyldulífi".

Bókinni er skipt í níu kafla eftir kennileitum, náttúruperlum, görðum, leiksvæðum, skemmtun/afþreyingu, menningu, fjallgöngum, sundlaugum og dagsferðum frá borginni. Aftast í bókinni er kort sem hjálpar til við að rata.

Fjöruferð er vinsæl hjá börnum og eru Grótta og Álftanesströnd tilvaldir staðir. MYND/STEFÁN

Tillögur úr bókinni:

- Fjallganga er alltaf hressandi og má þar nefna Úlfarsfell, Esju og Mosfell.
- Fjöruferð er vinsæl hjá börnum og eru Grótta og Álftanesströnd góð dæmi.
- Hellaskoðun er ævintýraleg og spennandi og eru til dæmis Leiðarendi og Arnarker hentugir.
- Könnunarleiðangur með nesti á útivistarsvæði svo sem Heiðmörk, Öskjuhlíð eða Elliðaárdal.
- Safnaferð er í senn fræðandi og áhugaverð, svo sem Þjóðminjasafnið, Hvalasafnið eða Hið íslenska reðursafn.
- Dagsferð úr bænum í hinar ýmsu náttúruperlur og spennandi staði svo sem Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum, heitu lækina í Reykjadal, Orkuverið Jörð á Reykjanesi eða jafnvel dagsferð til Vestmannaeyja.

FOSSHOTEL

GISTING OG VEITINGASTAÐIR UM ALLT LAND

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR

FJÖLBREYTTIR GISTIMÖGULEIKAR
FRÁBÆRIR VEITINGASTAÐIR
FOSSHÓTEL UM ALLT LAND

1 FOSSHOTEL WESTFJORDS

2 FOSSHOTEL STYKKISHÓLMUR

3 FOSSHOTEL HELLNAR

4 FOSSHOTEL REYKHOLT

5 FOSSHOTEL REYKJAVÍK

6 FOSSHOTEL LIND

7 FOSSHOTEL BARON

8 FOSSHOTEL RAUÐARÁ

9 FOSSHOTEL HEKLA

10 FOSSHOTEL NÚPAR

11 FOSSHOTEL GLACIER LAGOON

12 FOSSHOTEL VATNAJÖKULL

13 FOSSHOTEL EASTFJORDS

14 FOSSHOTEL MÝVATN

15 FOSSHOTEL HÚSAVÍK

fosshotel.is | #fosshotel

Litið til baka inn í heim Vesturfara.

Karlakórinn Heimir í Vesturheimi á dögunum.

Vesturfarasetrið á Hofsósi er í ákaflega fallegu, gömlu húsi.

Leita uppruna síns á Hofsósi

Valgeir Þorvaldsson kom með hugmynd að Vesturfarasetrinu á Hofsósi fyrir tuttugu árum. Nýlega kom hann heim eftir ánægjulega heimsókn til Kanada með karlakórnum Heimi.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Hofsós er skemmtilegt þorp sem sífellt fleiri ferðamenn sækja heim, bæði innlendir og útlendir. Vesturfarasetrið dregur að fjölda gesta og einnig glæsileg sundlaug bæjarins. Valgeir hefur helgað Vesturfarasetrinu krafta sína og segist alltaf taka á móti gestum þótt formlegur opnunartími sé frá 1. júní til 1. september. „Við opnum þegar fólk óskar eftir því, til dæmis hópar," segir hann.

Valgeir byrjaði að vinna með hugmyndina fyrir tuttugu árum og kynnti sér þá starf vesturfarasetra í Evrópu. Sjálfur hefur hann haft mikinn áhuga á sögu forfeðra sinna sem voru meðal þeirra sem fluttust frá Íslandi til Kanada á árunum 1870-1914. „Ég áttaði mig fljótlega á því að það var enginn hér á landi að halda þessari sögu forfeðra okkar til haga. Ýmsir höfðu áhuga en enginn tók af skarið. Mér fannst þessi saga alltaf merkileg. Síðan fór ég að vinna við að bjarga gamla þorpskjarnanum hér á Hofsósi og sá þá að hann var fyrirtaks rammi utan um þetta verkefni. Hér er hægt að segja þessa sögu án áreitis frá gámaflutningaskipum eða bílum. Það hentar þessu verkefni að vera í kyrrð og ró," segir Valgeir sem er alinn upp

> Ég áttaði mig fljótlega á því að það var enginn hér á landi að halda þessari sögu forfeðra okkar til haga.

í sveitinni fyrir utan Hofsós. „Ég er Skagfirðingur í húð og hár."

Starfsmenn Byggðasafnsins í Skagafirði hafa unnið með Valgeiri í uppsetningu á sýningum. „Við erum í mjög góðu samstarfi sem er lykillinn að þekkingu og skrásettum heimildum. Byggðasöfn hafa rannsóknarskyldu og láta ekkert frá sér nema það sé pottþétt.

Vesturfarasetrið er í gömlu, fallegu húsi við höfnina á Hofsósi. Þar var kaupfélag á fyrri tímum. Endurbyggingu hússins lauk árið 1996 og var byggingin opnuð af forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur, við hátíðlega athöfn í júlí 1996.

„Margir gestir safnsins koma frá Kanada og Bandaríkjunum og eru að leita uppruna síns. Sömuleiðis koma Íslendingar í sömu erindagjörðum. Eitt svæði er tileinkað Norður-Dakóta," segir Valgeir en ýmsa muni og myndir má sjá á setrinu. Myndunum fylgja nöfn og saga viðkomandi.

Valgeir er nýkominn frá Kanada en þangað fór hann með 130 manna hópi, þar á meðal karlakórnum Heimi. „Við fórum til Vancouver og Victoria. Þetta var gríðarlega skemmtileg ferð en við settum upp þrenna tónleika sem nefndust Greetings from Iceland. Það var fullt að Vestur-Íslendingum sem mættu til að hlýða á kórinn. Meðal annars komum við fram í Kristskirkjunni í Victoria en þar voru tæplega átta hundruð manns. Ferðin tók tólf daga og var einstaklega vel heppnuð í alla staði. Það er viss áskorun að skipuleggja svona ferð og vera ábyrgur fyrir svona stórum hópi. Við gáfum alla innkomu af tónleikunum til Íslendingafélaganna," segir Valgeir sem er þessa dagana að undirbúa nýja sýningu frá Vesturströndinni. „Ferðin var liður í að efla andann á milli manna."

VOR SPRENGJA*

30%

AFSLÁTTUR

GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM

CINTAMANI

dress code iceland

snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani_iceland + instagram/cintamani.iceland

bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is

*gildistími er 26. maí - 28. maí

Vinaleg listahátíð

Sumarið er tími bæjarhátíða og ýmissa smærri hátíða víða um land. Um helgina lýkur t.d. þjóðlistahátíðinni Vöku sem fer fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Raunar hófst Vaka í Þingeyjarsýslu þann 19. maí en lýkur á morgun laugardag á Akureyri.

Á Vöku gefst einstakt tækifæri til að kynnast hefðbundinni íslenskri tónlist auk þess sem hlýða má á tónlist frá Englandi, Írlandi, Noregi, Svíþjóð og Skotlandi.

Hátíðin er lítil og vinaleg þjóðlistahátíð en þó með fjölbreytt úrval skemmtiatriða fyrir alla aldurshópa. Þar má m.a. nefna síðdegis- og kvöldtónleika, námskeið sem bæði eru haldin um morgun og kvöld fyrir ólíka aldurshópa og málþing þar sem skoðuð er m.a. þjóðlagatónlist þátttökulandanna frá ólíkum sjónarhornum. Einnig verður boðið upp á óformlegar söng- og samspilastundir í hádeginu auk þess sem öllum er velkomið að taka þátt og vera með á lokakvöldtónleikunum á morgun.

Nánari upplýsingar má finna á www.thjodlist.is og miðasala fer fram á www.mak.is.

Klettshellir gengur inn í Ystaklett.

Hljóðheimur í Klettshelli

Hellar eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna á Íslandi enda spennandi að ganga inn í óvissuna og myrkrið. Fjölmarga hella er að finna um land allt og hægt að finna upplýsingar um þá í ýmsum ferðahandbókum.

Einn af þekktari hellum landsins er Klettshellir sem er líklega þekktasti hellirinn í Vestmannaeyjum. Hann er ekki hægt að nálgast nema á báti.

Klettshellir gengur inn í Ystaklett. Fremst er hvelfingin afar há en lækkar fyrir miðjum helli og hækkar aftur innst. Hellirinn er mjög langur. Sjávardýpi er svo mikið í honum að allstór vélbátur kemst inn. Vinsælt er að koma við í hellinum þegar siglt er um Vestmannaeyjar. Þá er farið inn í hellinn og oftar en ekki spilað á hljóðfæri, enda myndast magnaður hljóðheimur þegar tónarnir endurkastast af klettaveggjunum.

Stundum hafa verið haldnir tónleikar um borð í skipi í Klettshelli og hafa þótt afar áhrifaríkir.

Árbæjarsafn verður opnað á morgun

Á morgun, laugardaginn 27. maí, verður Árbæjarsafn opnað fyrir gesti og gangandi og verður safnið opið alla daga frá klukkan 10-17 í sumar. Að vanda verður skemmtileg dagskrá í boði þar sem áhersla er lögð á fræðslu og fróðleik í bland, sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Margar áhugaverðar sýningar eru á safninu og má þar nefna sýninguna Komdu að leika! sem er sérstaklega sniðin fyrir börn. Þar er hægt að læra allt um sögu leikfanga á tuttugustu öldinni í gegnum leik en stutt fræðsla og frjáls leiktími er á sýningunni. Árbæjarsafn býður áhugasömum að halda barnaafmæli í leikfangasýningu safnsins.

Um helgar í sumar er sérstök dagskrá svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á safninu. Þar er einnig hægt að leika sér úti og er um að gera að nýta það tækifæri þegar veður leyfir. Að vanda verður hægt að kaupa ljúffengar veitingar í Dillonshúsi. Nánar upplýsingar er að finna á heimasíðu safnsins, borgarsogusafn.is.

Heimsókn í Árbæjarsafn er alltaf skemmtileg.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Fornbílar

Chrysler New port árg 1966 vél 383 ss þarfnast smá lagfæringar verð 1.5 Uppl.s. 894 3675

Fellihýsi

Bátar

NÝTT - NÝTT - NÝTTHEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

VEIÐIBÆNDUR
Þjórsá, Ölfusá, Hvítá laxanetin tilbúin. heimavík ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

Hjólbarðar

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Píplagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

HONDA

CR-V Elegance með GPS
Nýskráður 5/2016, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
Verð kr. 4.690.000

KIA

Ceed EX World Cup Edition
Nýskráður 5/2015, ekinn 47 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð kr. 3.190.000

HYUNDAI

Santa Fe V6
Nýskráður 8/2008, ekinn 135 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
Verð kr. 1.590.000

KIA

Sorento EX 2.4 bensín
Nýskráður 5/2005, ekinn 191 þús.km., bensín, 5 gírar.
Tilboð kr. 690.000

HONDA

Jazz Trend
Nýskráður 5/2016, ekinn 18 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.450.000

HONDA

HR-V Comfort
Nýskráður 11/2016, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.690.000

Peugeot 3008 Premium+ HDi
Nýskráður 11/2011, ekinn 102 þús.km., dísel, 6 gírar.

HONDA

CR-V Lifestyle
Nýskráður 2/2013, ekinn 51 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
Verð kr. 3.790.000

HONDA

Jazz Hybrid
Nýskráður 4/2012, ekinn 41 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.950.000

Lykill fjármögnun

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Opið á laugardögum milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA

Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Póst dreifing
við komum því til skila

VOFF VOFF VOFF
Besti vinur mannsins á það til að bíta í putta og póst... pössum upp á voffa.

www.postdreifing.is

Skemmtanir

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

HAPPY HOUR alla föstudaga 16-19

LEIKIR HELGARINNAR:

Laugardaginn 27. MAÍ
16:30 Arsenal - Chelsea

TRAP frá Ísafirði spila um helgina
föstudag frá kl. 23-02 (opið til 03)og laugardag frá kl. 00-03

Gullnáman
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

